

Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 26. ÁRG. 2020



VIÐTAL VIÐ MARKÚS
SIGURBJÖRNSSON

14-22

STARFSÁBYRGÐAR-
TRYGGINGAR LÖGMANNA

24-25

VIÐBÓTAR-
GREINARGERÐIR

26-30



- | | | |
|--|---|--|
| <p>6 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
Af vettvangi félagsins</p> <p>8 ARNPÓR GUNNARSSON
Að leggja síðasta dómsorðið
í réttarþræturnar. Ágrip af 100 ára
sögu Hæstaréttar Íslands</p> <p>14 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON
Viðtal við Markús Sigurbjörnsson.
Þægilegt að kveðja eftir 25 ár</p> | <p>23 INGIMAR INGASON
Staða fjölskyldumála hjá embætti
sýslumannsins á
höfuðborgarsvæðinu</p> <p>24 ARNA PÁLSDÓTTIR
Starfsábyrgðartryggingar
lögmannna</p> <p>26 GUÐRÚN OLSEN OG BERGPÓR
BERGSSON
Viðbótargreinargerðir á Íslandi og
í Danmörku</p> | <p>32 Dagskrá lagadagsins 2020</p> <p>34 ARI KARLSSON
Lögmennta á landsbyggðinni</p> <p>36 Jólasnapsmótið í fótbolta</p> |
|--|---|--|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður
netfang: daniel@magna.is

Ritnefnd
Ari Karlsson lögmaður
Arna Pálsdóttir lögmaður
Ágúst Karl Karlsson lögmaður
Guðrún Olsen lögmaður
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

Blaðamaður
Marín Guðrún Hrafnisdóttir

Stjórn LMFÍ
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
Hjördís E. Harðardóttir lögmaður
Stefán Andrew Svensson lögmaður
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
Viðar Lúðvíksson lögmaður

Varastjórn LMFÍ
Birna Hlín Káradóttir lögmaður
Jónína Lárusdóttir lögmaður
Grímur Sigurðarson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Marín Guðrún Hrafnisdóttir starfsm. félagsdeildar
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd
Ljósmyndari: Marínó Flóvent

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Öflun ehf.
Sími: 530 0800
ISSN 1670-2689



Örugg eyðing gagna

FULLVISSA

GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 7 • 112 Reykjavík • Sími 568 9095 • gagnaeyding.is

LÖGMANNABLAÐIÐ AÐ MESTU RAFRÆNT Á 25 ÁRA AFMÆLINU

Á þessu ári verða þær breytingar gerðar að blaðið verður ekki sent til félagsmanna í blaðaformi nema óskir um slíkt hafi borist. Rafræn útgáfa verður meginreglan en blaðið verður þó áfram sent í blaðaformi á stofnanir stjórnáslunnar, fjölmiðla, háskólana, bókasöfn og á stærri lögmannsstofur og á allar þær lögmannsstofur sem þess óska.

Á síðustu árum hafa margir lögmennt afþakkað pappírseintak enda er áherslan á rafræna útgáfu liður

í að svara kalli nútímans og samfélagslegum breytingum. Áfram er þó hægt að óska eftir að fá blaðið sent í pappírformi enda margir sem vilja fá blaðið í hendur og er það gert með því að fylla út eyðublað neðst á heimasíðu félagsins, www.lmfi.is

Ritstjórn blaðsins vonar að breytingin falli lögmonnum í geð.

ATHUGASEMDIR VEGNA GREINAR UM SAMSKIPTI DÓMARA OG LÖGMANNA

Í síðasta Lögmannablaði (4. tölubl., 25. árg. 2019) var grein um samskipti dómara og lögmannt. Í greininni var meðal annars reifað mál sem spratt af tölvupóstsamskiptum lögmannt og dómara í kjölfar þess að beiðni um flýtimeðferð var hafnað þar sem nauðsynleg gögn hefðu ekki fylgt með beiðninni. Blaðinu barst athugasemd um að mikilvægt atriði hefði vantað inn í reifun málsins, þ.e. sjálfa ástæðuna að baki því að lögmaðurinn taldi dómara hafa hallað á hlut sinn: Áður en beiðnin var send Héraðsdómi Reykjavíkur hafði lögmaðurinn haft símasamband við dómara þar sem hann greindi meðal annars frá því að stefnunni fylgdu viðamikil gögn. Lögmaðurinn kveðst hafa spurt dómara hvort hann vildi fá gögnin með beiðninni um flýtimeðferðina. Lögmaðurinn staðhæfir að dómari hafi ekki talið þörf á því að svo stöddu og þannig hafi orðið að

samkomulagi með þeim að lögmaðurinn sendi skjalaskrána og dómari myndi síðan láta lögmanninn vita ef hann teldi sig þurfa að sjá einhver skjöl, og myndi þá lögmaðurinn senda honum þau. Til samræmis við framangreint sendi lögmaðurinn bréf til dómara þar sem tekið var fram að gögn málsins væru mikil að vöxtum og ef dómari óskaði eftir að kynna sér einhver þeirra áður en hann tæki afstöðu til flýtimeðferðarbeiðninnar myndi lögmaðurinn senda þau skjöl. Þá hafi lögmaðurinn og dómari einnig átt samtal eftir að beiðnin var send og lögmaðurinn skilið dómara svo að beiðnin væri í fullnægjandi horfi. Þegar beiðninni var svo hafnað á þeim grundvelli að nauðsynleg gögn hefðu ekki fylgt taldi lögmaðurinn því brotið gegn fyrnefndu samkomulagi.



LIT ehf.
Ingi Tryggvason hrl.



1 SYSTEMS OneRecords

Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi
sem hentar vel fyrir
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



1 SYSTEMS OneDrag'nDrop

Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í málakerfið á rétt mál með einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega drifinu yfir í málakerfið með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.
(spjaldtölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

AF VETTvangi FÉLAGSINS

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Um langa hríð hafa tafir á afgreiðslu fjölskyldumála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu verið hreint óviðunandi en biðtími eftir þjónustu er að jafnaði átta mánuðir frá því erindi berst þar til það er tekið til afgreiðslu innan embættisins. Ef aðkomu sáttamanna skv. 33. gr. a barnalaga er þörf tekur við önnur eins bið eða að jafnaði átta mánuðir til viðbótar. Á vefsíðu sýslumannsembættisins kemur meðal annars fram að nú í febrúar 2020 hafi erindi sem varða umgengni, forsjá, lögheimili, meðlag, sérstakt framlag og menntunarframlag, og bærust fyrir 20. júní 2019, verið tekin til umfjöllunar og mál sem vísað hafi verið í sáttameðferð fyrir 25. júní 2019 hafi sömuleiðis verið tekin til umfjöllunar hjá sáttamönnum.

Í apríl 2019 sendi stjórn Lögmannafélagsins bréf til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir vegna þess ófremdarástands sem ríkt hefur í afgreiðslu fjölskyldumála hjá embættinu. Í bréfi félagsins sem þáverandi dómismálaráðherra fékk afrit af, segir meðal annars að fyrir liggja um afar viðkvæman málaflokk sé að ræða þar sem miklu skipti að mál séu afgreidd með skjóttum hætti. Jafnframt segir í umræddu bréfi að margra mánaða bið á afgreiðslu svo brýnna mála sé að mati félagsins óásættanleg stjórnsýsla og þess krafist að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til úrbóta. Í janúar s.l. sendi umboðsmaður Alþingis bréf til dómismálaráðherra þar sem óskað er upplýsinga um hvort ráðuneytið hafi í hyggju eða hafi þegar gripið til aðgerða til að bregðast við þeim vanda sem uppi er hjá embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og varðar tafir á afgreiðslu fjölskyldumála. Stjórn Lögmannafélagsins mun fylgja þessu máli eftir og hefur þegar sent dómismálaráðherra bréf og óskað eftir viðbrögðum hans í kjölfar bréfs umboðsmanns Alþingis.

Innan Lögmannafélags Íslands hefur nú um nokkurt skeið verið unnið að endurskoðun á lögum um lögmenn og

hafa nokkrar tillögur þess efnis verið sendar ráðuneyti dómismála. Þær tillögur hafa ekki náð hljómgrunni til þessa. Nú hyggst dómismálaráðherra leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um lögmenn en tilurð þeirra breytinga má rekja til krafna frá FATF (Financial Action Task Force) um skyldur lögmanna er lúta að peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Félagsmenn verða upplýstir um framvindu þess máls þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Töluverðar umræður hafa verið meðal félagsmanna hvort það samræmist góðum lögmennsháttum að lögmenn mæti á slysstæði, bráðamóttökur eða þvílíka stæði í því skyni að bjóða fram þjónustu sína. Samkvæmt 42. gr. siðareglna lögmanna er lögmanni heimilt að auglýsa og kynna sína þjónustu svo sem samrýmist góðum lögmennsháttum. Hingað til hefur ekki þótt ástæða til að útfæra nánar hvað teljist til góðra lögmennshátta í þessu tilliti en að gefnu tilefni hefur stjórn Lögmannafélagsins nú beint því til siðareglunefndar félagsins að taka til skoðunar hvort tilefni sé til breytinga á siðareglum lögmanna að þessu leyti og tilgreina nánar inntak góðra lögmennshátta.

Hæstiréttur Íslands varð hundrad ára hinn 16. febrúar s.l. og hélt dómstóllinn veglega afmælishátíð af því tilefni. Vegna hinna merku tímamóta færði Lögmannafélag Íslands Hæstarétti að gjöf verkið „Hugur“, sem er bronssteypa af höfði gerð af listamanninum Helga Gíslasyni.

Stofnun Hæstaréttar hinn 16. febrúar 1920 markaði tímamót í réttarsögu þjóðarinnar og á þeim eitt hundrad árum sem liðin eru hefur Hæstiréttur Íslands verið kjölfesta réttarskipunar og þróunar. Lögmannafélag Íslands færir Hæstarétti Íslands góðar kveðjur og árnaðaróskir í tilefni aldarafmælisins.

Útskrifuðum lögfræðingum frá HR stendur til boða að sækja einstök námskeið í lagadeild með **50% afslætti**.

Sjá nánar á: hr.is/lagadeild



Endurmenntun fyrir lögfræðinga

// Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á endurmenntun fyrir lögfræðinga með námskeiðum á meistarastigi //

Námskeið á haustönn 2020

Aðferðafræði*

Sindri M. Stephensen og Stefán A. Svensson

Auðgunar- og efnahagsbrot

Björn Þorvaldsson o.fl.

Barnaréttur

Dögg Pálsdóttir

Bótaréttur

Póra Hallgrímsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

Endurskoðun og eftirfylgni stjórnvaldsákvæðana

Margrét Vala Kristjánsdóttir og fleiri

Fjölmíðlaréttur

Halldóra Þorsteinsdóttir

Skuldaskílaréttur

Þórhallur Bergmann og Birgir Már Björnsson

Gagnaöflun og málflytningur í einkamálum

Heimir Örn Herbertsson og María Ellingsen

Ríkisaðstoðarréttur

Haukur Logi Karlsson

Höfundaréttur í upplýsingasamfélagi

Hafliði Kristján Lárusson

Tjáning og framkoma fyrir lögfræðinga

Elmar Hallgrímsson

 Námskeið kennd á ensku

The Arctic Circle

Bjarni Már Magnússon

International and European Energy Law - Icelandic Energy Law

Tilkynnt síðar

International Protection of Human Rights

Þórdís Ingadóttir

Refugee Law

Katrín Oddsdóttir

The Law of the World Trade Organization

Þórdís Ingadóttir og James Mathis

Comparative Law

Milosz Hodun

The US Legal System: Sources and Structure

Christopher Alexander Mathews

European Law: Internal market

Hallgrímur Ásgeirsson

Námskeið á vorönn 2021

Alþjóðlegur skattaréttur I

Páll Jóhannesson

Auðlindaréttur

Kristín Haraldsdóttir

Heilbrigðisréttur

Dögg Pálsdóttir

Lagasetning

Páll Þórhallsson og Kristín Haraldsdóttir

Sókn og vörn í sakamálum

Björn L. Bergsson og Karólína Finnbjörnsdóttir

Fullnusturéttarfar

Viðar Lúðvíksson, Andri Andrason og Ingvar Ásmundsson

Vátryggingaréttur

Póra Hallgrímsdóttir

Persónuupplýsingaréttur

Vigdís Eva Línal and Alma Tryggvadóttir

Hagnýtur samningaréttur (fyrri hluta annar)

Hulda Kristín Magnúsdóttir

Málsmeðferð, réttindi málsaðila og stjórnýsla í samkeppnismálum. Raunhæf álitæfni og verkefni

Heimir Örn Herbertsson og Jóna Björk Helgadóttir

Samningatækni (seinni hluta annar)

Kristján Vigfússon

Starfsmannaréttur (fyrri hluta annar)

Elín Ósk Helgadóttir

Sveitarstjórnaréttur (seinni hluta annar)

Sesselja Erla Árnadóttir

 Námskeið kennd á ensku

European Company Law

Hallgrímur Ásgeirsson

European Law: State Aid and Competition

Tilkynnt síðar

International Courts and Dispute Settlements

Þórdís Ingadóttir

International Law and Policy and the Arctic

Bjarni Már Magnússon

International Environment/Climate Change Law

Snjólaug Árnadóttir

Intellectual Property Rights in International Commerce; IP Agreements

Hafliði K. Lárusson

Legal English

Tilkynnt síðar

Transfer Pricing

Ragnar Tjörvi Baldursson og Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir

*Skyldunámskeið fyrir meistarana með aðra grunngráðu en lögfræði.



„AÐ LEGGJA SÍÐASTA DÓMSORÐIÐ Í RÉTTARÞRÆTURNAR“ HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS 1920–2020

ARNÞÓR GUNNARSSON SAGNFRÆÐINGUR

Í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar Íslands 16. febrúar síðastliðinn var ákveðið að gefa út tvö afmælisrit. Annars vegar safn 20 ritgerða um valin viðfangsefni á sviði lögfræði þar sem úrlausnir Hæstaréttar hafa haft mikil áhrif. Kom ritið út á afmælisdaginn. Hins vegar rit um 100 ára sögu réttarins eftir Arnþór Gunnarsson sagnfræðing. Er það væntanlegt síðar á afmælisárinu.

Fyrsta dómþingið

Mánudaginn 16. febrúar 1920 eftir hádegi var fyrsta dómþing Hæstaréttar Íslands háð á efri hæðinni í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Dagana á undan hafði kyngt niður snjó og fylgdu frosthörkur. En í dómsalnum varð fljótlega heitt og mollulegt. Hann rúmaði einungis um 20 áheyrendur og því gátu ekki aðrir en boðsgestir verið viðstaddir athöfnina, þeirra á meðal allir þrír ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, nokkrir fulltrúar erlendra ríkja, lögmennt og blaðamenn. Almennungur kom hvergi nærri og engin kona var viðstödd þessi merku tímamót í sögu landsins.

Hæstaréttardómararnir fimm skipuðu öndvegi, klæddir síðum dökkbláum skikkjum með hvítum börmum. Til

hliðar við þá sat hæstaréttarritari í ljósblárrí skikkju en lögmenntirnir klæddust svörtum einkennisskikkjum með bláum börmum. Vafalítið hafa aðrir gestir verið í sínu fínasta þússi, jafnvel einkennisklæddir. Allt hefur þetta aukið á hátíðleika athafnarinnar.

Þegar gestir voru sestir stóð Kristján Jónsson dómstjóri upp og ávarpaði samkomuna: „Háttvirtu meðdómendur, háttvirtu málflutningsmenn, háttvirtu herrar!“ Í ræðu sinni minntist Kristján meðal annars á árangurinn af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og merkisáfangi í réttarfarssögu landsins. Hann beindi einnig máli sínu til lögmannanna og brýndi fyrir þeim að draga upp „sanna mynd af þeim málstað“ sem þeir tækju, enda væri það forsenda fyrir réttlátri úrlausn. „Ekki er vandinn og ábyrgðin minni, er á oss hvíllir, dómendunum, sem eigum að leggja síðasta dómsorðið í réttarþræturnar,“ hélt Kristján áfram. Kvaðst hann sannfærður um að dómarrar Hæstaréttar ættu eftir að ávinna réttinum traust þjóðarinnar.

Óskabarn hins fullvalda ríkis?

Öldum saman voru Íslendingar undir erlendu valdi, lengst af danska konungvaldinu. Sjálfstæðisbaráttan sem hófst á nítjándu öld færði landsmönnum endurreist Alþingi árið 1845 (ráðgefandi þing), stjórnarskrá 1874, heimastjórn 1904, fullveldi 1918 og æðsta dómssvald í eigin málum 1920. Lokaáfanginn náðist með stofnun lýðveldis 1944.

Áður en Hæstiréttur Íslands var stofnaður fór Hæstiréttur Danmerkur með æðsta dómssvald í íslenskum málum. Innlendir dómstólar voru annars vegar undirréttur (í



Í dómsal Hæstaréttar í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg á 25 ára afmæli réttarins árið 1945. Fyrir miðju sitja hæstaréttardómararnir Einar Arnórsson, Þórður Eyjólfsson og Gizur Bergsteinsson. Vinstra megin við þá situr Sveinn Björnsson forseti Íslands og lengst til hægri Páll Einarsson fyrrverandi hæstaréttardómari og Björn Þórðarson fyrrverandi hæstaréttarritari. (Ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson. Eigandi Gunnar Vigfússon.)

héraði) og hins vegar Landsyfíréttur og því voru dómstigin þrjú. Í dansk-íslensku sambandslögunum frá 1918, sem fullveldið hvíldi á, var gert ráð fyrir að Íslendingar gætu stofnað eigin hæstarétt. Það gekk eftir og var Hæstiréttur Íslands stofnaður á grundvelli laga nr. 22/1919 en Landsyfíréttur lagður niður. Þar með urðu dómstigin tvö í stað þriggja. Lögini komu til framkvæmda 1. janúar 1920, þrettán mánuðum eftir að þjóðin varð fullvalda. Hæstiréttur hóf því starfsemi í byrjun ársins en opinber afmælisdagur réttarins, 16. febrúar, miðast við fyrsta þinghaldið. Allir þrír dómamar Landsyfíréttar tóku sæti í Hæstarétti, Kristján Jónsson dómstjóri, Eggert Briem og Halldór Daníelsson. Auk þeirra voru skipaðir hæstaréttardómarar Lárus H. Bjarnason prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Páll Einarsson bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu.

Í fljótu bragði mætti ætla að landsmenn hafi einhuga fagnað þessu „óskabarni hins fullvalda ríkis,“ svo vitnað sé til orða Þórarins Jónssonar um Hæstarétt á Alþingi árið 1919. En því var ekki að heilsa. Þegar rýnt er í samtímaheimildir, einkum dagblöðin frá því um og upp úr 1920, má greina fálæti, tortryggni og jafnvel andstöðu. Ástæðurnar eru fyrst og fremst harkaleg pólitísk átök innanlands og stéttabaráttan á árunum milli stríða. Hér á landi eins og víða annars staðar á þessum tíma gætti mikillar tortryggni í garð ríkjandi stétta og dreymdi margi um að þjóðfélagsskipulaginu yrði umbylt. Í augum jafnaðarmanna og róttækari arms Framsóknarflokksins, undir forystu Jónasar Jónssonar frá Hríflu, tilheyrðu hæstaréttardómararnir íhaldinu og

þar af leiðandi helstu valdaelítu landsins, sem að auki væri nátengd dönsku valdi. Fyrir þá sök væri Hæstiréttur stéttardómstóll og því gæti alþýða fólks til sjávar og sveita hvorki vænst skilnings né réttlætis á þeim bæ.

Á árunum 1922–1924 voru flutt þrjú frumvörp til laga um breytingar á hæstaréttarlögunum þar sem gert var ráð fyrir fækkun hæstaréttardómara úr fimm í þrjá. Í þriðju atrennu 1924 var slíkt frumvarp samþykkt og varð að lögum sama ár en fækkunin kom að fullu til framkvæmda tveimur árum síðar. Helstu rökin fyrir fækkuninni var sparnaður í rekstri ríkisins en á þessum árum átti ríkissjóður fullt í fangi með að láta enda ná saman. Þær raddir heyrðust líka að óþarfi væri að fimm dómamar skipuðu æðsta dómstól svo fámennrar þjóðar. En undirliggjandi ástæða fyrir fækkuninni var viðleitni til að veikja réttinn enda kom brátt á daginn að þriggja manna dómstóll var berskjaldaðri fyrir pólitískum árásum og utanaðkomandi þrýstingi af ýmsu tagi en fjölskipaðri dómur.

Í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokksins á árunum 1927–1932 veittist dómsmálaráðherrann, Jónas Jónsson frá Hríflu, ítrekað að Hæstarétti og dómurum réttarins, fullyrti meðal annars að þeir væru óhæfir til að gegna dómastörfum vegna pólitískra viðhorfa, fákunnáttu, ellihrumleika og þar fram eftir götunum. Dómararnir svoruðu ekki slíkum aðdróttunum enda hefði það getað skert sjálfstæði þeirra og gert þá vanhæfa í ýmsum málum. Hæstiréttur átti þó sína málsvara utan Alþingis og innan og meðal leikra og lærðra.



Guðmundar- og Geirfinnsmálið er án efa umfangsmesta og umdeildasta dómsmál sem komið hefur til kasta Hæstaréttar Íslands. Kvað rétturinn upp dóm í málinu 22. febrúar 1980 og sakfelldi sex ungar manneskjur. Myndin er tekin í Hæstarétti 27. september 2018 eftir að rétturinn sýknaði fimm sakborninga í kjölfar þess að endurupptökunefnd féllst á að taka málið upp að hluta. Fremst til hægri er Ragnar Aðalsteinnsson hæstaréttarlögmaður, verjandi eins sakborninganna. (Ljósmynd Arnþór Gunnarsson.)

Á árunum 1930–1933 flutti Jónas frá Hriflu ítrekað frumvarp til laga um stofnun Fimmtardóms sem kæmi í stað Hæstaréttar. Með þessu ætlaði hann að losna við sitjandi hæstaréttardómara og gera æðsta dómstólinn háðari framkvæmdarvaldinu. Litlu munaði að honum tækist ætlunarverk sitt en vegna andstöðu í eigin flokki varð hann að láta í minni pokann og því varð frumvarpið ekki að lögum. Árið 1935, í stjórnartíð Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, voru hins vegar samþykkt ný hæstaréttarlög. Í kjölfarið voru tveir af þremur föstum dómurum réttarins, Eggert Briem (68 ára) og Páll Einarsson (67 ára), leystir frá embætti. Þeir höfðu náð 65 ára aldri og því var ráðherra heimilt að óska eftir því að konungur leysti þá frá störfum. Í þeirra stað voru skipaðir ungir menn sem voru valdhöfunum þóknanlegir.

Í breyttum heimi

Af ýmsum ástæðum sem of langt mál er að fara út í hér skapaðist að mestu pólitískur friður um Hæstarétt á síðari hluta fjórða áratugarins og má segja að sú sátt hafi haldið næstu áratuginu. Með opnari þjóðfélagsumræðu og tilkomu rannsóknarblaðamennsku á síðasta aldarfjórðungi tuttugustu aldar beindust spjótin að Hæstarétti í auknum mæli. Oftar en ekki snerist gagnrýnin þó fremur að göllum í dómskerfinu í heild sinni heldur en réttinum sérstaklega.

Á undanförunum áratugum hefur skipun í embætti hæstaréttardómara stundum vakið deilur, meðal annars vegna kynjasjónarmiða. Hæstiréttur var lengst af karlavígi en 1. júlí 1986 var Guðrún Erlendsdóttir skipuð hæstaréttardómari fyrst kvenna. Síðan þá hafa konur ævinlega verið í miklum minnihluta dómara. Á sama tíma hefur konum fjölgað mikið í flestum störfum sem snerta málflutning.

Frá stofnun lýðveldisins hefur forseti Íslands skipað dómara við Hæstarétt samkvæmt tillögu ráðherra. Nú hefur þetta vald ráðherra verið takmarkað með það fyrir augum að skipun í embætti dómara verði eins fagleg og hlutlæg og kostur er. Leggur sérstök dómnefnd mat á hæfni umsækjenda um dómaraembætti og skilar rökstuddri greinargerð þess efnis til ráðherra.

Hneykslismál hafa verið sjaldgæf í sögu réttarins en þó komið fyrir. Á sjöunda áratugnum sagði hæstaréttardómari af sér embætti eftir að hafa orðið uppvis að milligöngu um víxillán og árið 1989 var forseta Hæstaréttar leystur frá embætti fyrir ótæpilega notkun áfengishlunninda en þau hafði hann sem einn af handhöfum forsetavalds. Bæði málin vöktu mikið umtal sem undirstrikar þá miklu ábyrgð

sem hvílir á dómurum æðsta dómstóls þjóðarinnar og mikilvægi þess að þeir hafi hreinan skjöld.

Ekki fer hjá því að einstaka dómar Hæstaréttar hafi orðið umdeildir meðal þjóðarinnar. Má nefna að á undanförunum áratugum hafa sumir dómar í kynferðisafbrotamálum valdið úlfúð vegna þess að þeir hafa þótt of vægir. Þá hefur kvörtunum vegna allmargra dóma íslenskra dómstóla (í flestum tilvikum Hæstaréttar) í meiðyrðamálum gegn fjölmiðlafólki verið beint til Mannréttindadómstóls Evrópu. Hefur dómstóllinn ítrekað dæmt dómþolum í vil og þar með komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir dómstólar hafi brotið gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland fullgilti árið 1953 og lögfesti 1994.

Mannréttindadómstóll Evrópu er ekki áfrýjunardómstóll og getur þar af leiðandi ekki fellt úr gildi dóma íslenskra dómstóla. Engu að síður hafa dómar Mannréttindadómstólsins haft áhrif á dómaframkvæmd hér á landi og það hefur ný löggjöf vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) einnig haft.

Nýtt húsnæði, fjölgun dómara og starfsmanna

Eins og áður segir var Hæstiréttur Íslands upphaflega með aðsetur í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg en á neðri hæðinni var fangelsi. Árið 1949 flutti Hæstiréttur í nýtt húsnæði við Lindargötu, áfast Arnarhvoli. Þótt flutningurinn hafi verið mjög til bóta fyrir starfsemi réttarins hafði nýja húsnæðið þó ýmsa annmarka. Því urðu mikil tímamót í sögu Hæstaréttar þegar nýtt og sérhannað dómhús fyrir réttinn var tekið í notkun við Arnarhól 5. september 1996.

Rúmlega hálfri öld fyrr, árið 1945, var hæstaréttardómurum fjölgað úr þremur í fimm á nýjan leik og á árunum 1973–1994 var dómurum fjölgað í áföngum í níu. Þegar hér var komið sögu hafði málum sem skotið var til Hæstaréttar fjölgað mikið og því fylgdi aukið álag á réttinn. Í byrjun árs 2011 var hæstaréttardómurum fjölgað tímabundið úr níu í 12 til að mæta auknu álagi á dómskerfið í kjölfar bankahrunsins. Í mars 2014 voru dómarar réttarins aftur orðnir níu.

Með fjölgun hæstaréttardómara úr fimm í sex árið 1973 var tekin upp deildaskipting í réttinum að fyrirmynd æðstu

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammásamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholt 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

dómstóla á hinum Norðurlöndunum. Varð málflutningur þá ýmist með þremur eða fimm dómurum og frá árinu 1979 var gert ráð fyrir að í mikilvægustu málum gætu sjö dómara tekið sæti í dómi.

Í upphafi var hæstaréttarritari eini fasti starfsmaður réttarins auk dómara. Framan af hafði rétturinn sendisvein í hlutastarfi og um miðja öldina var ráðinn dómvörður. Á síðustu áratugum tuttugustu aldar fjölgaði smám saman í starfslidinu, meðal annars voru ráðnir löglærðir aðstoðarmenn dómara. Nú eru starfsmenn Hæstaréttar sjö auk dómara.

Breytingar á dómstólaskipan

Á níunda og tíunda áratug tuttugustu aldar voru gerðar veigamiklar úrbætur á íslensku réttarhari og dómstólaskipan sem höfðu bein og óbein áhrif í Hæstarétti, leiddu meðal annars til hraðari og markvissari málsmeðferðar. Af einstökum breytingum á dómskerfinu á þessum árum ber helst að nefna aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds (þ.e. framkvæmdarvalds) í héraði. Þá var dómsvaldið tekið úr höndum sýslumanna og fært sérstökum héraðsdómstólum. Þessi breyting var til að styrkja mjög sjálfstæði dómsvaldsins í landinu.

Hinn 1. janúar 2018 tók nýr áfrýjunardómstóll, Landsréttur, til starfa. Þar með urðu dómstigin þrjú á nýjan leik, það er að segja átta héraðsdómstólar, Landsréttur og Hæstiréttur Íslands. Tilgangurinn með stofnun millidómstigs var ásamt öðru að létta álagi af Hæstarétti og stuðla að réttarbótum en tveggja þrepa dómskerfi hafði vissa annmarka, meðal annars með tilliti til Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð.

Fyrir tilkomu Landsréttar var úrlausnum héraðsdómstóla, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, skotið beint til Hæstaréttar með áfrýjun eða kæru en eftir tilkomu Landsréttar er grundvallarreglan sú að úrlausnum héraðsdómstóla er skotið til Landsréttar. Skjóta má úrlausnum Landsréttar

til Hæstaréttar að uppfylltum tilteknum skilyrðum og í flestum tilvikum að fengnu leyfi Hæstaréttar. Eins og að var stefnt með þessari breytingu á dómstólaskipaninni koma nú mun færri mál til meðferðar í Hæstarétti. Því getur hann betur sinnt hlutverki sínu sem fordæmisgefandi og stefnumarkandi dómstóll, eins og tíðkast með æðstu dómstóla á hinum Norðurlöndunum og víðar. Sett lög ná aldrei til alls þess sem kemur til kasta dómstóla, auk þess sem löggjöfin fylgir ekki alltaf eftir breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu og réttarvitund. Því ber Hæstarétti að skýra lög og túlka og auka almennum reglum við löggjöfina eftir því sem við á.

Stofnun Landsréttar hefur leitt til minna álags á Hæstarétt og því hefur dómurum réttarins verið fækkað úr níu í sjö. Einnig hafði breytingin í för með sér að fimm eða sjö dómara skipa dóm en þrír dómara standa ekki lengur að dómum. Fjölskipaður dómstóll eykur tvímælalaust vægi fordæmisgefandi dóma.

Hæstiréttur starfar í samræmi við lög og ákvæði í stjórnarskrá Íslands. En stjórnarskráin er fáorð um dómsvaldið og í henni er hvorki að finna almenna skilgreiningu á dómsvaldinu né hlutverki Hæstaréttar eða dómstólanna yfirleitt. Við endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem nú stendur fyrir dyrum, væri mikilvægt að bæta við hana ýtarlegri ákvæðum um skipan dómsvaldsins, hlutverk þess og stöðu gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins, það er að segja löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu.



FRÁ HÁTÍÐARSAMKOMU SEM HALDIN VAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU ÞANN 16. FEBRÚAR SL. Í TILFNI 100 ÁRA AFMÆLIS HÆSTARÉTTAR



100 ÁRA AFMÆLI HÆSTARÉTTAR - GJÖF LMFÍ

Í tilefni þeirra merku tímamóta að Hæstiréttur fagnaði 100 ára afmæli þann 16. febrúar sl. mun Lögmannafélagið á næstu dögum færa réttinum að gjöf skúlptúrinn „Hugur“ eftir listamanninn Helga Gíslason. Verður verkinu komið fyrir í almennu rými í húsnæði réttarins á næstunni.





Markús Sigurbjörnsson lét af störfum síðasta haust og hafði þá verið hæstaréttardómari í aldarfjórðung. Markús er óumdeilanlega einn allra áhrifamesti lögfræðingur síðustu áratuga á Íslandi. Í viðtali við Lögmannablaðið lítur Markús um öxl og ræðir bakteríuna fyrir réttarhari, gjörbreytt landslag dómstólanna, lífið í Hæstarétti og Mannréttindadómstólinn svo eitthvað sé nefnt.

ÞÆGILEGT AÐ KVEÐJA EFTIR 25 ÁR

„Faðir minn var fyrsti ríkisskattstjórinn hér á landi en menntaður í hagfræði og viðskiptafræði í Bandaríkjunum, ekki löglærður sumsé. Hann átti af einhverjum ástæðum marga vini úr röðum lögmannna, t.d. Benedikt Sigurjónsson, síðar hæstaréttardómari, Baldvin Jónsson og Ragnar Ólafsson. Allt mjög litríkir og áberandi menn í stétt lögmannna og nöfn sem allir þekktu úr blöðunum. Þetta voru miklir karakterar sem maður fylgdist með því þeir komu oft á heimili okkar. Lögmennskan hafði einhvers konar gyllingu í kringum sig í barnshuganum. Það rjátlaðist nú fljótt af, en þarna festist þó í mér vilji til að læra lögfræði og ég fann aldrei neitt annað sem togaði í mig.“

Fékk snemma bakteríu fyrir réttarfari

„Það þurftu allir laganemar að afplána tveggja mánaða námsdvöl. Ég fór til bæjarfógetans í Keflavík og þessi námsdvöl lengdist bara og lengdist. Samstarfsmaður minn Sveinn Sigurkarlsson útskýrði það með því ég hefði verið svo ógurlega heimskur og því hefði ég þurft allan þennan tíma til að komast yfir tveggja mánaða skammtinn. Ég fór fljótlega að vinna með Jóni Eysteinessyni sýslumanni við nauðungarsölur og eftir að ég hafði lent í þessum afkima fullnustugerða fékk ég ærlega bakteríu fyrir réttarfari þannig að það varð eiginlega ekki aftur snúið. Ég vann einnig við reglulegu bæjarþingin þar sem kastað var fyrir mig stórum bunka af stefnum til að árita og helst

átti að klára það samdægurs. Þá fóru að vakna hjá mér alls konar spurningar: af hverju þetta væri gert svona, að hverju þyrfti að gæta og fleira. Þannig kom ég eiginlega bakdyramegin að réttarfarinu því á þessum tíma hafði ég enn ekki lært það í lagadeildinni. Ég var nánast í fullri vinnu hjá sýslumanninum síðustu þrjú árin í lagadeild og mætti því afskaplega lítið í tímana. Arnljótur Björnsson sagði að ég hefði bara mætt einu sinni í tíma hjá honum í skaðabótarétti en það var að vísu ekki rétt hjá honum. Ég mætti aldrei.

„Ég var raunar aldrei ráðinn til framtíðar hjá bæjarfógeta, þetta var alltaf í skömmtum. Ég var beðinn um að vinna einn mánuð og svo bættist við einn mánuður í viðbót og svo annar. Ég hætti kannski í tvær vikur en var svo kallaður inn aftur í mánuð og þannig gekk þetta áfram. Þegar ég hætti í fyrsta skiptið var ég kvaddur með virtum en eftir því sem ég hætti oftar þá varð það sífellt látlausara. Þegar ég hætti svo endanlega var bara vinkað og sagt „bless“ þegar ég gekk út síðasta daginn.“

Markús fann sig strax í störfunum hjá bæjarfógeta og fékk mikinn áhuga fyrir því að leysa úr ágreiningsmálum. „Í þessu festist ég fyrir utan eitt hliðarspor: einhvern tíma þegar ég var í mánaðarhléi frá sýslumanninum fór ég að létta undir hjá Garðari Garðarssyni lögmanni. Hafi ég verið

í vafa um það hvort lögmennskan hentaði mér þá skýrðist það algerlega fyrir mér á þessum mánuði. Hugur mitt lá þá þegar í aðra átt og ég var satt að segja ekki með rétta hugsunarháttinn í lögmennsku. Fólk kom þarna inn af götunni og sagðist hafa lent í umferðarslysi eða öðrum málum. Ég sat og hlustaði á meðan það lýsti óföllum sínum og loksins þegar það var búíð sagði ég undantekningarlaust: „nei, þetta er alveg vonlaust“. Ég var við það að setja praxísinn hans Garðars á hliðina á þessum eina mánuði sem ég starfaði þarna.“

Markús skrifaði lokaritgerð sína sumarið eftir fjórða árið í lögfræðinni og var í raun búinn með námið eftir jólaþróf árið 1978. Hann útskrifaðist þó ekki formlega fyrir en í júní 1979 og hélt þá um sumarið til náms í Det Retsvidenskabelige Institut við Kaupmannahafnarháskóla. Hann kom heim úr framhaldsnáminu snemma árs 1981 og fór þá að vinna hjá Borgarfógetanum í Reykjavík í skiptadeild, þar sem fjallað var um dánarbússkipti, gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvanir, nauðasamninga, skipti vegna hjónaskilnaða og annað slíkt. Hann var skipaður borgarfógeti 1985 og fór fljótlega í það hlutverk innan embættisins að leysa úr deilumálum. Markús vann hjá embættinu fram á árið 1988.

Lagadeild Háskóla Íslands og löggjöf á sviði réttarfars

Markús byrjaði sem stundarkennari í Lagadeild árið 1984, meðfram aðalstarfi, og kenndi aðallega réttarfars og erfðarétt. Kennslan vatt upp á sig og hann var fljótlega kominn með svipað umfang og fastráðnir kennarar. Snemma á árinu 1988 var Markúsi boðið að verða settur prófessor við deildina en skömmu áður hafði hann farið í leyfi frá aðalstarfi sínu sem borgarfógeti til þess að semja lagafrumvörp vegna fyrirhugaðs aðskilnaðar framkvæmdar- og dómssvalds.

Áðurnefndur Garðar Garðarsson, sem Markús hafði unnið einn mánuð hjá mörgum árum áður, vann meðal annars með Markúsi við undirbúning að aðskilnaðinum. Lagafrumvörpin voru að miklu leyti skrifuð á tölvu sem Garðar lánaði Markúsi. „Sú blessaða tölva gaf sig þó á endanum, rétt áður en verkið var klárað. Það heyrðist skyndilega hávært PÚFF í tölvunni einn daginn og upp úr henni stóð reykský. Ég man að þá var ég að vinna síðasta en allra leiðinlegasta verkið af þeim öllum, það voru lög um breytingar á öðrum lögum vegna aðskilnaðarins. Einhverjar 130 eða 140 greinar um alls konar orðalagsbreytingar. Þegar tölvan sprakk fyrir framan mig var mesta áhyggjuefni mitt hvort ég þyrfti virkilega að byrja upp á nýtt á þessu öllu saman. Einhvern veginn var þó hægt að bjarga þessu.“

Markús var skipaður prófessor við Lagadeildina frá vorinu 1988 þar til hann var skipaður hæstaréttardómari 1. júlí 1994. Markús hafði ætlað sér að skrifa bækur um allar hliðar réttarfars, einkamálaréttarfars og fullnustugerðir í heild sinni, en náði einungis að skrifa dómasafn í einkamálaréttarfari, bók um aðfarargerðir og fjölrit fyrir kennslu í einkamálaréttarfari, fyrir utan handbækur um fullnustugerðir og skipti. „Ég var að fara í rannsóknarleyfi og vildi ekki skilja fólk eftir gersamlega tómhent þannig að frekar í flýti varð þetta einkamálaréttarfars-stykki til. Svo fór ég nánast úr því rannsóknarleyfi beint í Hæstarétt, þannig að lengra hefur þetta rit ekki farið“. Markús segir að nú standi til að taka upp þráðinn og halda skrifum áfram.

Markús segist ekki hafa fundið mun á því hvernig hann nálgæðist réttarfarið sem fræðimaður annars vegar og dómari hins vegar. „Að vísu eru tilefni til þess að nálgæst réttarfarið ólík. Sem dómari er réttarfarið oftast en ekki þessar reglur sem eru bara þarna við hliðina á og maður er ekki endilega að velta því fyrir sér dags daglega nema það reyni sérstaklega á það. Sem fræðimaður er maður oft að horfa á allt sviðið frekar en afmarkaða spurningu. Kennslan var vissulega í hefðbundnu fyrirlestrarformi en ég fór fljótt að nota raunhæf verkefni sem ég lagði fyrir nemendum með reglulegu millibili. Svo voru prófin að stærstum hluta raunhæf verkefni en ekki stórar ritgerðarspurningar. Það helgæðist kannski öðrum þræði af því að það var ekki til kennslubók sem hægt var að ætlast til að nemendur myndu styðjast við í slíkum spurningum. Námsefnið var fyrst og fremst fyrirlestrararnir og ekki gat ég af öllum mönnum ætlast til þess að fólk mætti í alla tíma og lærði utan að einhverja fyrirlestra. En þessi raunhæfu verkefni voru ekki síður til að reyna á skilning fólks. Sannast sagna fannst mér sjálfum þegar ég lauk námi í lagadeild að ég hefði fengið tiltekna einkunn í minni en ekki lögfræði. Það var alltof mikið lagt upp úr ritgerðarspurningum og svo taldi kennarinn bara punktana sem komu fram í svarinu. Á þessum árum vorum við Þorgeir Örlygsson sameiginlega með umsjón yfir fyrirbærinu „raunhæf verkefni“ og fengum til liðs við okkur menn úti í bæ, lögmenn og dómara. Hægt var að klára helming námskeiðsins með því að taka þátt í réttarhaldi. Fólk samdi stefnu og greinargerð og svo var haldið réttarhald þannig að hægt var að læra meira út frá praktíkinni.“

Réttarfarið notað meira í dag en áður

Aðspurður um þróun réttarfars og hvort réttarfarsúrlausnum hafi fjölgað telur Markús að það sé líklega í samræmi við fjölgun dómsmála almennt. Mögulega hafi þetta þó einnig

haldist í hendur við þróun í lögmennsku þar sem lögmenn séu farnir að nota réttarfarið meira en áður. Sem dæmi um atriði sem sjaldan hafi verið deilt um á árum áður séu matsgerðir dómkvaddra matsmanna. Lögmenn noti þá leið miklu meira en áður og séu jafnvel komnir á grátt svæði með þau atriði sem þeir vilji fá mat á, enda sé stundum óskað eftir mati á lögfræðilegum atriðum. Lögmenn reyni þannig að víkka út notkunina og af því leiði deilur og mótmæli sem komi í hlut dómstóla að leysa úr.

„Mér finnst að núorðið fái hvert mál meiri eða öðruvísi áherslu hjá lögmönnum en var áður fyrr. Í þeim skilningi að menn kafa miklu dýpra í mál og leggja greinilega mikið meira af mörkum. Ég veit ekki hvað veldur, hvort það er verkefnastaða lögmanna, hvort kúnnarnir eru almennt betur færir um að borga fyrir viðameiri þjónustu en áður eða hvað. Þá á ég ekki bara við það að skjöl lögmanna eru almennt orðin lengri heldur líka að það er verið að horfa miklu meira í hvert einasta smáatriði og alla útanga. Fyrir nokkrum áratugum voru menn meira að einblína á heildarmyndina, áberandi meginatriði deilumálsins. Nú orðið er eins og það sé notað stækkunargler við hvert fót mál. Þetta leiðir meðal annars til þess að menn horfa meira í réttarfarið og leita uppi formgalla. Andinn hefur þróast þannig að mál skal vinnast hvernig sem sú niðurstaða fæst, frekar en að reyna að fá leyst úr kjarna deilunnar. Þótt það reyni kannski oftár á réttarfar í dómsmálum í dag þá er ekki endilega verið að láta reyna á nýstárleg atriði og stundum meira verið að hjakka í sama farinu. En margt er auðvitað tilvikabundið, eins og til dæmis álítaefni um frávisun. Það er nánast matskennt hverju sinni hvort mál sé nægjanlega reifað þannig að það sé tækt til efnisdóms. Það er því lengi hægt að standa í góðu málaskaki um það hvort stefna sé fullnægjandi eða ekki. Einhvern tíma sagði nú einn lögmaður að það væri ágætt að fara af stað með mál og vera ekki allt of viss í sinni sök hvernig best væri að halda á forminu. Bara kasta málinu af stað og það væri allt í lagi að fá frávisun því þá fengi hann svo góðar leiðbeiningar um það hvað hann ætti að gera öðruvísi.“

„Þó það sé ekki beint minn reynsluheimur þá finnst mér, eftir að hafa horft á þetta utan frá í nokkra áratugi, að það sé orðið annað andrúmsloft milli lögmanna en maður sá í upphafi. Það var meiri gagnkvæm virðing og vinskapur jafnvel milli lögmanna. Þessi hópur var auðvitað miklu fámennari og sömu menn voru að kljást aftur og aftur. Svo ég taki dæmi frá þeim árum sem ég var hjá Borgarfégeta þá hef ég líklega setið upp með um tvö hundruð skipti vegna hjónaskilnaða. Nánast í hverju einasta tilviki var annað



hvort Örn Clausen eða Gylfi og/eða Svala Thorlacius í málinu. Og oftár en ekki bæði eða báðir. Þetta var allt annar heimur, ekki nýr andstæðingur á hverjum degi, ekki einhver maður sem þú hittir svo ekki næstu tíu árin. Kannski er samkeppnin orðin meiri, stofurnar hafa auðvitað stækkað og einyrkjar eru varla til í dag. Þessi stærð stofanna er miklu líkara því sem sést á Norðurlöndum. Aftur á móti er einyrkjastarfið meira breskt. “

Talið berst að íslenska ríkinu og fjölda athugasemda um réttarfarsatriði sem jafnan koma upp þegar það á aðild að máli. „Einar Karl lærði réttarfar hjá röngum manni,“ segir Markús og glottir til heiðurs fyrrverandi nemanda sínum. „Gunnlaugur Claessen og Skarphéðinn Þórisson voru mikið minna í þessu en reyndar hefur þetta þó alltaf verið viðloðandi embætti ríkislögmans. Þótt aðild ríkisins að máli bjóði upp á ýmis vafaatriði hefði maður haldið að íslenska ríkið ætti síður en aðrir að vera að hengja menn í forminu. Það ætti kannski frekar að greiða götu manna til að fá leyst úr dómsmálum“.

Markús segir ýmislegt hafa breyst hjá dómstólunum enda hraðinn, tæknin og umfang mála allt annað en það var þegar hann var að hefja sinn starfsferil. „Það er skrítið að hugsa til þess tíma þegar borgarfrógetaembættið var uppi á lofti hjá Sölufélagi gardyrkjumanna. Þar var firmaskrá, þinglýsingar og þar var verið að skakast í fólki með fjárnám og nauðungarsölur. Svo var bara dómsalur innan um þetta allt saman þar sem verið var að leysa úr þrætum um öll þessi viðfangsefni. Dómstólar voru allt öðruvísi stofnanir en í dag, umgjörðin var meira eins og að koma inn á skrifstofu hjá venjulegri ríkisstofnun. Lögmenn komu bara og bönguðu upp á og settust inn hjá manni, jafnvel hlómuðu sér niður á skrifstofunni til þess eins að kjafta. Maður var alltaf vel haldinn með slúðursögur á þessum tíma.“

Langir vinnudagar algengir eftir hrun

Það hefur lengi verið hefð á Íslandi að hæstaréttardómarar hafi sig ekki mikið í frammi í þjóðfélagsumræðunni og láti ekki of mikið á sér bera. „Einn kollegi minn orðaði það þannig við mig að þegar menn færu í Hæstarétt þá gengju þeir í björg. Heyrðist þá í Arnljóti Björnssyni: „Eins gott fyrir þig að konan þín heitir Björg.“ En það er kannski of mikið úr þessu gert. Ég hef alla tíð átt marga vini meðal lögmanna og það breyttist ekkert þótt ég færi í Hæstarétt. Maður var þó ekki að sósíalisera mikið með lögmönnum en þetta er þó ekki þannig að maður hafi verið nauðbeygður til að segja upp vinskap við lögmenn. Flestir í þessu starfi hafa ekki látið mikið á sér bera og ekki tjáð sig mikið opinberlega sem ég tel farsælt. Menn geta lent í meiriháttar vandræðum ef þeir eru búnir að tjá sig um samfélagsmál enda vekur það oft upp spurningar um vanhæfi.“

Markúsi líkaði mjög vel að vinna í Hæstarétti. „Þarna var upp til hópa afburðaklárt fólk sem gefandi og gaman var að vinna með, mikið af öndvegis húmoristum og skemmtilegu fólki. Andrúmsloftið í réttinum var skapandi, lifandi og frjótt. Það kom mér eiginlega á óvart því ég hélt að þetta væri mikið þurrara allt saman en þetta var virkilega skemmtilegur vinnustaður. Vissulega voru tímabil þar sem mörg og þung mál voru fyrir réttinum en í endurminningunni þá gleymir maður því.“

Vinnudagarnir voru oft langir og á tímabilinu eftir hrun komu nokkur ár þar sem var stöðugt og mikið álag. Markúsi reiknast til að þegar mest lét hafi hann unnið um 380 klukkustundir á mánuði. Starfið hafi þó ekki alltaf verið slítandi enda drjúgur hluti farið í lestur og mikið næði hafi gefist til þess enda lítið ónæði af síma, tölvupósti, fundum og öðru slíku. Ég spyr hvort honum finnst sem

hann hafi orðið betri með árunum í að greina mál og skrifa dóma. „Ég hef aldrei skilið þegar verið er að glamra með hugtakið „dómarareynsla“ sem fólk annað hvort hafði eða hafði ekki þegar það var að sækja um embætti á ákveðnum vettvangi. Ég gat nú aldrei séð hvað vantaði hjá Arnljóti Björnssyni, Gunnlaugi Claessen, Árna Kolbeinssyni, Viðari Má Matthíassyni eða Eiríki Tómassyni. Enginn þeirra hafði nokkurn tíma starfað sem dómari. Ég sá þá heldur ekki hvað einhverjir aðrir sem höfðu starfað sem dómarar höfðu til brunns að bera umfram þá. Það er sama í hvaða starfi eða vettvangi lögfræðinnar maður er. Maður getur verið vanur að semja stefnu eða greinargerð, verið rúttíneraður að semja lögfræðitexta og hugsa lögfræðilega. Sá maður er ekkert lengur að semja dóma heldur en það sem hann var að gera í fyrra starfi. Orðfæri í hæstaréttardómum er þó auðvitað öðruvísi en í fræðiriti eða stefnu en það tekur nú engan óratíma að venjast þessu. Það eru auðvitað alls kyns reglur um orðalag til þess að gefa textanum ákveðið yfirbragð. Viðar Már mátti til dæmis ekki nota zeturnar sínar en það eru þó alltaf einhver einkenni á skrifum

ÉG HEF ALDREI SKILIÐ ÞEGAR VERIÐ ER AÐ
GLAMRA MEÐ HUGTAKIÐ „DÓMARAREYNsla“
SEM FÓLK ANNAÐ HVORT HAFÐI EÐA HAFÐI
EKKI ÞEGAR ÞAÐ VAR AÐ SÆKJA UM EMBÆTTI Á
ÁKVEÐNUM VETTvangi.

hvers og eins. Ég get lesið gamla dóma og þó ég sé löngu búinn að gleyma málinu þá get ég séð á textanum hvort ég hef skrifað dóminn,“ segir Markús og bætir við að það sé með ráðum gert að samræma orðalag í dómum. „Þetta er samstarf, þetta er ekki bara einhver einn maður að kveða upp dóm. Það er engin tilviljun að það er ekki verið að klína við niðurstöðuna „frummælandi er...“. Klassíski hugsunarhátturinn er að þetta sé stofnunin Hæstiréttur sem er að tala en ekki einhver egóisti, þessi eða hinn að láta sitt ljós skína. Þótt vissulega sé það einn maður sem semur uppistöðuna í textanum þá er þetta sameiginleg hugarsmíð fólks sem er búin að ræða málið í þaula í framhaldi af málflutningi. Þetta eru engar málamiðlanir, slíkt tal er út í hött, og það er ekki verið að sjóða saman ólík viðhorf. Fólk ræðir sig áfram að niðurstöðu og ef einhver dettur útbyrðis þá kemur bara sératkvæði.“

Erlend áhrif og Mannréttindadómstóllinn

Markús telur að það hafi dregið aðeins úr þeirri skandinavísku samstöðu sem áður var þegar íslensk lög voru sniðin að norskum og dönskum fyrirmyndum en núorðið sé það frekar Evrópusambandið sem hafi áhrif á vissum sviðum. Skandinavísku áhrifin séu nú meira í formi samvinnu heldur en eftirlíkinga. Allur fjölskyldurétturinn og klassískur fjármunaréttur sé þó eftir sem áður mjög svipaður hér og á Norðurlöndum. Íslensk löggjöf sé þó orðin sjálfstæðari og ekki eins mikið verið að kanna hvað verið sé að gera á öðrum Norðurlöndum þegar leysa eigi úr ágreiningi fyrir íslenskum dómstólum. Hann bætir við að mál þar sem fyrst og fremst reyni á mannréttindareglur séu afskaplega fá og lítill hluti af heildarmálafjölda í Hæstarétti eins og rétturinn var lengst af þegar Markús var dómari, þ.e. áður en rétturinn fékk nýtt hlutverk með tilkomu Landsréttar. Þegar reyni á mannréttindi opnast þó að sjálfsögðu allur sá heimur. „Það getur verið erfitt að átta sig á því hvað Mannréttindadómstóllinn ætlast til að maður geri. Auðvitað er það skritin veröld þegar íslenska ríkinu er dæmt áfelli, út af til að mynda tjáningarfrelsi, vegna þess að Hæstiréttur Íslands fylgdi ekki kríteríunum frá Mannréttindadómstólnum, en bara óvart voru þessar kríteríur ekki til þegar málið var dæmt. Það er erfitt að reyna að fylgja svona línu. Þróunin hefur verið mikil og mér hefur fundist nokkuð um að úrlausnirnar hjá Mannréttindadómstólnum séu klæðskerasaumaðar fyrir viðkomandi deilumál en ekki þannig að það sé hægt að draga einhvers konar línu eða lærdóm út úr málinu. Það gæti svo kannski verið rannsóknarefni út af fyrir sig hvað felst í þessari stefnu hjá Mannréttindadómstólnum að hann segist búa til viðmið og sjónarmið sem eru þó ekki alltaf augljós þó sjálfsagt geti lögfræðingar fundið út hver þau eru. Það var nú til dæmis farið í þá vinnu í Hæstarétti fyrir nokkrum árum að greina nákvæmlega hvaða sjónarmið Mannréttindadómstóllinn gerði í málum er varða tjáningarfrelsi. Tveimur mánuðum eftir að sú greining lá fyrir var hún orðin úrelt. En gott og vel, þeir ætlast til þess að menn fylgi einhverjum viðmiðunarreglum við úrlausn mála og ef landsdómstóllinn hefur gert það þá er allt í lagi. Alveg sama hver endanleg niðurstaða málsins er, bara ef dómstóllinn fer í gegnum kríteríurnar og er ekki alveg augljóslega að fara rangt með matið á grundvelli þeirra, þá skiptir dómstóllinn sér ekki frekar af málinu. En svo á hinn bóginn segir Mannréttindadómstóllinn í öðru málu; Þið fylgduð ekki viðmiðunum, þið lituð ekki til þessa atriðis og því var brotið gegn mannréttindum. Í mörgum tilvikum mætti fylgja með: Að vísu skipti þetta atriði engu máli í þessu tilviki en þið nefnduð þetta samt

ekki og úr því að þessi krítería var ekki tekin til skoðunar þá var brotið gegn mannréttindum. Þetta er orðin allt önnur veröld en hún var og í raun má spyrja hvernig Mannréttindadómstóllinn lítur á sitt eigið hlutverk. Er hann orðinn einhvers konar höfuðsmiður laga eða reglna sem veitir öllum landsdómstólum leiðsögn um það hvernig þeir eiga að gera hlutina og ef því er ekki fylgt er allt ómögulegt. Þetta eru formleg mannréttindi sem felast í því að fólk telst hafa fengið réttindi sín ef farið var í gegnum kríteríur alveg sama hver niðurstaðan var. Ef þetta eru mannréttindi þá hlýtur mannréttindaverndin að líða fyrir það. En í einhverjum tilvikum þá fá menn vissulega út þá niðurstöðu að það hafi verið brotin mannréttindi á þeim. Í öðrum tilvikum geta menn aftur á móti lent í því að verða fyrir órétti ef svona leiðir eru farnar við mannréttindaverndina. En þetta er bara þróun eins og gerist alltaf, kannski verður búið að bakka frá þessari stefnu eftir einhver ár og eitthvað allt annað komið upp úr hattinum.“

Markús segir að í „Landsréttarmálinu“ sem nú er til meðferðar hjá Yfirdeild Mannréttindadómstólsins sé dómstóllinn farinn að fjalla um hluti sem séu rannsóknarískir. Hann kveðst frekar hafa haldið að dómstóllinn vildi forðast slíkt eins og heitan eldinn. „Þetta mál er afskaplega erfitt og mikil raun fyrir íslenskt réttarkerfi. Það er búið að grafa illa undan almenningssáliti og dómstólar eru alltaf viðkvæmir fyrir því að verða fyrir einhvers konar skeinum og sárum sem geta breyst í ígerð út frá almennri umfjöllun. Vandinn er ekki síst hvernig eigi að leysa þetta ef upphaflegi dómur Mannréttindadómstólsins stendur óbreyttur hjá Yfirdeildinni, eða þess vegna ef Yfirdeildin gengur lengra og

MÉR HEFUR FUNDIST NOKKUÐ UM AÐ
ÚRLAUSNIRNAR HJÁ MANNRÉTTINDA-
DÓMSTÓLNUM SÉU KLÆÐSKERASAUMAÐAR
FYRIR VIÐKOMANDI DEILUMÁL EN EKKI ÞANNIG
AÐ ÞAÐ SÉ HÆGT AÐ DRAGA EINHVERS KONAR
LÍNU EÐA LÆRDÓM ÚT ÚR MÁLINU.

telur alla fimmtán dómarana ranglega skipaða. Hvernig á að vera hægt að leysa úr þessu í kjölfarið gagnvart íslenskum réttarreglum? Það er ekki hægt að víkja þessum dómurum frá, það eru engar sakir þarna til að reka þá, þeir eru komnir undir stjórnarskrárvernd. Í dómi Hæstaréttar í þessu máli var nálgunin sú að fyrsti punkturinn var að enginn hefði

leitað ógildingar á skipununum og fyrir vikið stóðu þær óhaggaðar. Næsta skref var þá að líta svo á að þetta fólk væri komið í stöðu dómara í skilningi stjórnarskrárinnar og laga. Skipun þeirra er í gildi og hafi einhver annmarki verið á skipunarferlinu þá getur sá annmarki ekki leitt til þess að þetta sé allt bara markleysa. Það hlýtur að þurfa að horfa á málið þannig að skipunin þurfi að vera ógilt ef þetta á að útiloka viðkomandi frá dómstörfum. Þetta er allt önnur nálgun en Mannréttindadómstóllinn beitti. Hann segir bara einfaldlega að út af því að ranglega var staðið að þessari skipun þá er þetta fólk ekki dómara.“

Þróun í dómum Hæstaréttar

Mikill munur er á Hæstaréttardómum í dag frá því sem var fyrir nokkrum tugum ára þegar dómarnir voru í mörgum tilvikum aðeins nokkrar setningar. „Að einhverju leyti er þetta afleiðing af vinnubrögðum á lægra dómstigi. Þegar veröldin breyttist frá kúluritvélum í tölvur með copy og paste var eins og sumir dómara hefðu glatað niður áratuga reynslu og lærdómi sínum í því hvernig ætti að semja dóma. Það var allt í einu ekki til nein samandregin málsatvikalýsing af hálfu dómara, bara orðrétt tekið upp úr stefnunni og svo eitthvað orðrétt upp úr greinargerð stefnda. Í sinni verstu mynd var þetta jafnvel orðið að „málsatvikum stefnanda“ og „málsatvikum stefnda“. Síðan komu þessar óheyrilegu langlokur þar sem verið var að rekja allar málsástæður aðila. Auðvitað er alþekkt að stefnur og greinargerðir hafa lengst og þá hafa dómarnir lengst þegar þetta er allt tekið upp. Því miður hefur þetta leitt til þess að Hæstiréttur hefur oft talið sig knúinn til að endurgera lýsingu á málinu því hún er oft nánast óskiljanleg fyrir lesandann eins og hún kemur fram í héraðsdómi. Má því segja að klassískur hæstaréttardómur síðustu ára og áratuga byrji með innleiðingu þar sem verið er að draga saman málsatvik með allt öðrum hætti en gert er í héraðsdómi. Síðan er ekkert verið að velta upp málsástæðum að heitið getur heldur farið beint í niðurstöðuna. Þetta er ekki skemmtileg þróun og auðveldar sannarlega ekki lífið í Hæstarétti. Þetta er í flestum tilvikum ekki mikið verk en hundleiðinlegt nokkur hundruð sinnum á ári.“

Aðspurður hvort Hæstiréttur hafi náð að vera fordæmisgefandi dómstóll eða bara leyst úr einstökum málum fyrst og fremst telur Markús of mikið gert úr því að tala um fordæmisgefandi dómstól eins og Hæstiréttur hafi aldrei verið það en nú sé hann það allt í einu með tilkomu Landsréttar. „Satt að segja finnst mér þetta ekki alveg réttmætt og rangt að tala um gerbreytt eðli Hæstaréttar að þessu leyti. Fordæmi felst í því að dómurinn er lokaorð



sem svarar þeirri spurningu sem er í málinu. Það hefði verið mjög óheppileg þróun ef Hæstiréttur hefði farið að detta ofan í þá gryfju að klæðskerasauma lögfræðina fyrir hvert tilvik. Ég held það hafi verið gegnumgangandi stefna alla tíð að dómara virða fyrir sér heildarmyndina og hugsa hvaða afleiðingar hefur þetta svar almennt séð og er eitthvað varhugavert við svarið í því tilliti. Stundum þurfti þó auðvitað að reyna að þrengja niður punktinn sem fordæmið laut að þannig að ekki yrðu dregnar of víðtækar ályktanir. Óneitanlega varð maður þó var við það stundum þegar maður var búinn að reyna að gera akkúrat þetta að næst þegar sambærilegt mál kom í flutning höfðu lögmenn dregið allt aðrar ályktanir en maður hélt að væri hægt. En ég hef aldrei litið á þetta öðruvísi en svo að hver dómur sé út af fyrir sig fordæmi. En hversu merkilegt það er hverju sinni það er svo allt annað mál. Oft geta minnstu og skrítnustu mál búið til tækifæri til að gefa einhvern almennan dóm. Ég get nefnt sem dæmi mál sem til kom af því að krakki fór út í sjoppu og keypti sælgætisúða en endaði á því að fá af því lungnamein. Úr verður skaðabótamál sem veitir í sjálfu sér ekkert merkilegt svar um skaðabótarétt en leiðir til svara um hvernig eigi að beita 3. grein EES laganna.“

Handhafi forsetavalds

Markús var handhafi forsetavalds þegar hann var forseti Hæstaréttar og forseti Íslands var erlendis. Hann segir að þetta hafi alls ekki verið tímafrekt starf. „Það voru kannski fimm til tíu mínútur á svona þriggja daga fresti sem fóru í

ýmsar undirritanir. Það þýddi víst ekkert fyrir mig að vera að synja lögum um staðfestingu því meirihlutinn ræður í þessum efnunum og því var ekkert hægt að sprella. Helsta sem maður fann fyrir þessu voru Keflavíkurferðir til þess að kveðja og taka á móti forsetanum. Það var alltaf sami bílstjórinn á vegum forsætisráðuneytisins sem keyrði mig og hann var orðinn mikill vinur minn. Svo lenti maður í því þegar forsetinn var einn á ferð að þá bauð hann manni að sitja í bílnum með sér frá Keflavík. En af því að forsetinn fór út á Bessastaði en ekki inn í Reykjavík þá setti hann mig út úr bílnum við Fjarðarkaup í Hafnarfirði. Forsetabíllinn stoppaði þá á bílastæðinu, um miðja nótt jafnvel, og svartur Benz kom í humátt á eftir sem var þá leigubíll forsætisráðuneytisins. Ég skaust úr fremri bílnum í þann aftari og svo blússuðu bílarnir hvor í sína átt. Þetta hefur eflaust verið einkennileg sjón.“

Um gagnrýni á Hæstarétt

Markús segir að gagnrýni á dómstóla og umfjöllun um dóma sé alls ekki ný af nálinni. „Hæstiréttur hefur allt frá fæðingarári sínu fengið yfir sig allra handa umfjöllun, jákvæða og neikvæða. Það má nú reyndar sjá af blaðumfjöllun um réttinn á fyrstu árunum að það var ekki beint fágað orðbragð sem menn notuðu. Hvað sem annað má segja um umfjöllunina í dag þá má örugglega segja að orðbragðið er vægara en það var fyrir 80 eða 90 árum. Það má segja að þetta sé öðruvísi umhverfi í dag en hér áður fyrr þegar dómasafn Hæstaréttar fyrir tiltekin ár kom ekki út fyrir en um einu og hálfu ári eftir uppkvaðningu dóma. Ekki voru hefðbundnar dómsuppsögur í heyranda hljóði, dómar voru kveðnir upp á skrifstofum dómara og svo bara hringt í lögmennt. Fjölmiðar á þessum tíma vissu fyrir vikið ekki af þeim dómum sem kveðnir voru upp nema í sárafáum tilvikum. Umfjöllun er allt önnur núorðið enda allt birt á netinu. Óneitanlega hefur þó standardinn á umfjölluninni dvínað eitthvað. Ef maður veltir fyrir sér hvað orðið gagnrýni þýðir þá er það að rýna eitthvað til gagns, það nær ekki yfir fúkyrði. Umfjöllunin getur tekið á sig mynd sem líkist einna helst fyrirfram skipulögðum aðgerðum til þess að bregða upp neikvæðri mynd af dómstólum. Stundum hafa sumir fjölmiðlar á einhverjum tíma haft neikvætt viðhorf til Hæstaréttar, ekki út af einhverri einni ástæðu heldur miklu frekar eins og það séu gripin ýmis tækifæri til þess að fjalla með neikvæðum hætti um réttinn. Umfjöllun í fjölmiðlum líður kannski eitthvað fyrir að þetta er almennt ekki lögfræðimenntað fólk sem er að fjalla um dómsmál og því oft ekki með réttan fókus. Hve oft gerist það að dómur gengur í máli sem hefur vakið athygli og fjölmiðlar tala við þann aðila sem

tapaði málinu eða lögmanninn hans. Það virðist alltaf talað við þann sem er í fýlu eða jafnvel reiður eftir niðurstöðu dómsins. Maður hefur heyrt alls konar viðbrögð aðila við nýuppkveðnum dómum og það er ekkert verið að vanda kveðjurnar.“

Markús segir áreiti eða hótanir almennt ekki hafa fylgt starfinu og aðeins einu sinni hafi hann lent í slíku. „Það hringdi í mig gagnmerkur samtíðarmaður að næturlagi, nokkuð við skál, og kynnti sig eins og mönnum ber að gera. Hann var ekkert feiminn við að bera upp sitt erindi og tjáði mér af mikilli siðfágun að hann gæti alveg hugsað sér að hjálpa mér yfir ætternisstapa. Ég þakkaði manninum bara mjög pent fyrir enda væri gott að vita af þessu ef ég þyrfti einhvern tíma slíka aðstoð. Ég hefði þó ekki hugsað mér að gera þetta alveg í bráð en ég myndi hafa hann í huga.“

Dómarar mæta kyrfilega lesnir í málflutning

„Ég held það sé mikilvægast fyrir málflutjendur í Hæstarétti að hafa í huga að þeir eru ekki að tala yfir hausamótunum á ólesnum mönnum. Dómarar í Hæstarétti mæta kyrfilega lesnir og ekki teljandi munur á þeim sem er frummælandi og öðrum. Ég held að þetta sé hlutur sem lögmaður á að gefa sér og verja ekki tímanum í að segja eitthvað sem sérhver maður sem hefur kynnt sér málið veit. Það þarf ekki nema í örfáum tilvikum að rekja málsatvik í miklum mæli, það má leyfa sér þann munað að hella sér nánast beint út í röksemdir af fullum þunga. Leggja helst áherslu á það sem lögmaðurinn telur skipta máli og sleppa því að fjalla um annað því það þarf ekki að tæma hverja málsástæðu í málflutningi. Það þarf ekki einu sinni að nefna þær allar heldur afgreiða lögmennt þetta oft með því að ljúka málflutningi á sjálfsögðum orðum um að allt það standi sem fram hafi komið í greinargerð.“

Fyrir nokkrum árum vakti nokkra athygli þegar haft var eftir Markúsi að málflutningur skipti engu máli, en þau orð áttu að hafa komið fram í spjalli hans við hóp lögfræðinga sem heimsótti Hæstarétt. „Málflutningur skiptir gríðarlega miklu máli, ekki síst sem öryggisatriði, þá gefst dómurum tækifæri til þess að fá fullvissu um að þeir skilji hver afstaða aðila er og spyrja lögmennt ef nauðsynlegt er. Svar mitt fyrir nokkrum árum var slitið úr samhengi en þá hafði sú spurning verið borin upp í hvaða mæli málflutningur hafi breytt niðurstöðu í máli. Ég get alveg endurtekið þann kjarna að baki svari mínu að sá sem ætlast til þess að dómari hafi ekki minnstu hugmynd um það hvernig mál kunni að fara þegar hann stígur inn í dómshal, hann býr í Undralandi. Það hefur enginn svo abstrakt hug að

hann sjái ekki eitthvað mynstur í máli sem hann er búinn að lesa í þaula og hefur í ofanálag þegar verið dæmt á einu, jafnvel tveimur dómstigum. Dómari er búinn að lesa greinargerðir á öllum dómstigum, stefnuna og öll gögnin þegar hann kemur í málflutning. Getur staðist að halda því fram að sá maður hafi enga fyrirfram hugmynd um það hvernig þetta muni líklega fara? Vissulega kemur það að sjálfsögðu fyrir að menn ganga inn í dómsal með vafa í huga um tiltekin atriði en þetta er eins og með önnur atriði í lífinu að menn hljóta að setja það sem þeir eru að fara að gera í samhengi við sinn reynsluheim og telja líkur fyrir einhverri tiltekinni niðurstöðu. Málflutningur breytir ekki mjög oft slíkri forspá en vissulega eru þó tilvik þar sem það hefur gerst. Það var þó ekki vegna þess að lögmaður var óvenju góður í einhverri Morfís-keppni í púltinu. Heldur bara einfaldlega út af því að hann gat sett hlutina í eitthvað annað samhengi en dómara héldu að það væri í eftirlestur gagnanna. Svo að sjálfsögðu ef dómara hafa ekki skilið eitthvað rétt og það kemur í ljós í málflutningi þá hrynur öll spilaborg einhverrar forspár um það hvað gæti komið út úr málinu.“

Lífið eftir Hæstarétt.

Markús ætlar að taka til við að skrifa um einkamálaréttarfar og aðfarargerðir. Svo hefur hann verið að passa barnabörnin sín. „Annars er ég líka bara að reyna að feta mig yfir á annars konar tilverustig. Sem betur fer var ákveðinn aðlögunartími sem kom eftir að haugur uppsafnaðra mála í Hæstarétti kláraðist haustið 2018. Mér fannst botninn detta svolítið úr þessu starfi í Hæstarétti eftir tilkomu Landsréttar. Mér leið bara eins og ég væri kominn í 25% starf og var þó með þá búbot að vera að fjalla um áfrýjunarleyfisbeiðnir. Ég held ég hafi aldrei aðlagast þessum nýju aðstæðum. Maður var búinn að vera á þessu tempói í 25 ár og erfitt að stíga allt í einu á bremsuna. Það var því ósköp þægilegt að geta bara kvatt og látið þetta duga. En þegar maður horfir til baka þá var nú helvíti gaman að þessu.“

Daníel Isebarn Ágústsson

ÞÁTTAKA Á NÁMSKEIÐI TIL ÖFLUNAR MÁLFLUTNINGSRÉTTINDA FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Fyrri námskeið af tveimur til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum á árinu 2020 hófst um miðjan febrúar sl. og stendur að óbreyttu fram í aðra viku aprílmánaðar. Að þessu sinni eru 48 þátttakendur skráðir á námskeiðið, þar af 26 nýskráðir, en einnig þreyta 20 þátttakendur af fyrri námskeiðum upptökupróf í einstökum greinum. Fjöldi þátttakenda á námskeiðinu að þessu sinni er ívið meiri en á síðasta réttindanámskeiði sem haldið var sl. haust þegar 40 manns voru skráðir til leiks. Þá þreyttu 29

þátttakendur prófraunina í fyrsta sinn, auk 11 þátttakenda sem skráðir voru í endurtektarpróf. Sömu sögu er að segja ef fjöldi þátttakenda í ár er borinn saman við fjöldann á fyrri námskeiði ársins 2019, þar sem heildarfjöldi þátttakenda var 41, þar af 26 nýskráðir. Samkvæmt þessu virðist sem þátttaka á námskeiðunum fari vaxandi eftir nokkra lægð undanfarin misseri.

MAGNA

L Ö G M E N N



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

STAÐA FJÖLSKYLDUMÁLA HJÁ EMBÆTTI SÝSLUMANNSINS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

- AFSKIPTI UMBOÐSMANNS ALÞINGIS

Líkt og rakið hefur verið í fjölmiðlum þá hefur umboðsmaður Alþingis óskað upplýsinga frá dómismálaráðherra um hvort ráðuneytið hefði í hyggju eða hefði þegar gripið til aðgerða til að bregðast við þeim vanda sem upp er kominn hjá embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við meðferð fjölskyldumála hjá embættinu. Tilefni erindis umboðsmanns er kvörtun vegna máls sem embætti sýslumanns hefur haft til meðferðar í rúm tvö og hálf ár eða frá því í júní 2017, en sýslumaður, sem sjálfur telur við á afgreiðslu mála hjá embættinu óviðunandi, hefur borið fyrir sig viðvarandi mannekleu.

Í bréfi umboðsmanns til dómismálaráðherra er vísað til þess að þessi málaflokkur varði mannréttindi og verulega persónulega hagsmuni bæði barna og foreldra og því geti miklar tafir á afgreiðslu mála, t.d. varðandi umgengni falið í sér brot á rétti til fjölskyldulífs sbr. ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í erindi umboðsmanns til dómismálaráðherra kemur jafnframt fram að hafi ráðuneytið ekki gripið til einhverra ráðstafana til að bregðast við þeim vanda sem uppi er, sé þess óskað að ráðuneytið lýsi afstöðu sinni til þess hvort það samrýmist yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki ráðherra gagnvart sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til almennra málshraðareglna stjórnarsýsluréttarins og þeirra réttinda og hagsmuna sem í húfi eru. Í niðurlagi bréfs umboðsmanns segir jafnframt að beiðni hans til ráðherra sé sett fram til þess að hann geti lagt mat á hvort tilefni sé til að taka framangreinda þætti stjórnarsýslu ráðuneytisins til almennrar athugunar á grundvelli heimildar samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1997.

Lögmannafélag Íslands fagnar þessari frumkvæðisathugun umboðsmanns Alþingis, enda hefur félagið og félagsmenn

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS GERIR SÉR VONIR
UM AÐ GRIPIÐ VERÐI TIL NAUÐSYNLEGRA
RÁÐSTAFANA TIL AÐ KOMA AFGREIÐSLU
FJÖLSKYLDUMÁLA HJÁ EMBÆTTI
SÝSLUMANNSINS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Í
VIÐUNANDI HORF.

þess gert athugasemdir við það ástand sem ríkt hefur í þessum málum hjá embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þannig sendi Lögmannafélagið sýslumanni bréf í apríl 2019, þar sem alvarlegar athugasemdir voru gerðar vegna þess ófremdarástands sem ríkt hafi í afgreiðslu fjölskyldumála hjá embættinu. Í bréfi félagsins, sem þáverandi dómismálaráðherra fékk afrit af, segir m.a. að fyrir liggja að um afar viðkvæman málaflokk sé að ræða þar sem miklu skipti að mál séu afgreidd með skjóttum hætti, sbr. ákvarðanir um umgengni, forsjá, lögheimili, meðlag o.fl. Jafnframt segir í bréfinu að margra mánaða bið á afgreiðslu svo brýnna mála sé að mati Lögmannafélagsins óásættanleg stjórnarsýsla og þess krafist að embættið grípi til viðeigandi ráðstafana til úrbóta.

Í ljósi erindis umboðsmanns Alþingis til dómismálaráðherra gerir Lögmannafélag Íslands sér vonir um að gripið verði til nauðsynlegra ráðstafana til að koma afgreiðslu fjölskyldumála hjá embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í viðunandi horf.

Ingimar Ingason

STARFSÁBYRGÐAR- TRYGGINGAR LÖGMANNA

ARNA PÁLSDÓTTIR LÖGMAÐUR SKRIFAR

Lögmannablaðið fékk þær Björk Viðarsdóttur lögmann og framkvæmdastjóra tjónasviðs TM og Hildi Ýr Viðarsdóttur lögmann til að ræða skaðabótaábyrgð lögmanna og starfsábyrgðartryggingar. Enda þótt fá mál hafi ratað fyrir dómstóla þar sem reynir beinlínis á gildissvið eða umfang starfsábyrgðartryggingarinnar er afar brýnt að allir þekki vel þær reglur sem gilda um starfsábyrgðartryggingar.

Eru lögmenn meðvitaðir um reglurnar?

Hildur: Já, ég held að lögmenn séu almennt meðvitaðir um að þeir hafi starfsábyrgðartryggingar og út á hvað þær ganga.

Björk: Það er allur gangur á því hversu vel lögmenn þekkja til þegar kemur að þeim reglum og kröfum sem gilda um starfsábyrgðartryggingar. Almennt má þó segja að þekkingin sé nokkuð góð, eins og við á um aðra sérfræðinga og það finnum við sérstaklega þegar kemur að tjónamálum. Lögmenn verða hins vegar að vera meðvitaðir um tryggingar sínar eftir að þeir láta af störfum eða leggja inn málflutningsréttindi sín, því bótakrafa getur verið höfð uppi eftir þann tímapiunkt. Þannig þurfa lögmenn að huga að tryggingum sínum eftir að þeir hætta að starfa, en eðlilegt væri að miða þann tíma við hefðbundinn kröfufyrningafrest.



LÖGMENN VERÐA HINS VEGAR AÐ VERA MEÐVITAÐIR UM TRYGGINGAR SÍNAR EFTIR AÐ PEIR LÁTA AF STÖRFUM EÐA LEGGJA INN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI SÍN EN BÓTAKRAFA GETUR VERIÐ HÖFÐ UPPI EFTIR ÞANN TÍMAPUNKT.

Hvað er það sem lögmenn ættu helst að varast? Eru tiltekin tilvik sem leiða til skaðabótaábyrgðar lögmanna?

Hildur: Af þeim dómum sem fallið hafa á æðri dómstigum síðustu 20 ár má sjá að þau mál sem varða lögmenn lúta aðallega að málum þar sem umbjóðandi telur lögmanninn hafa gert mistök við hagsmunagæslu, svo sem að kröfur hafi fyrnst eða að ekki hafi verið gerður fyrirvari við uppgjör slysabóta. Þá hafa nokkur mál varðað ágreining um þóknun til lögmansins. Mál hafa einnig sprottið í kjölfar þess að lögmaður hefur tekið að sér að gera kaupsamning um fasteign þegar aðilarnir höfðu áður komið sér saman um kaupin.

Björk: Algengustu tilvikin á undanförunum árum varða mál þar sem krafa um bætur er að fyrnast í höndum lögmanna. Einnig reynir reglulega á mál þar sem krafa

AF MÁLUM SEM HAFA HELST VERIÐ AÐ KOMA
INN Á BORÐ TRYGGINGAFÉLAGA ÞÁ MÁ BENDA
LÖGMÖNNUM Á AÐ GÆTA VEL AÐ ÞVÍ HVERNIG
ÞEIR HALDA Á MÁLUM M.T.T. TÍMAFRESTA.

um bætur úr tilteknum tryggingum hefur ekki borist innan tilkynningarfrests, sem áskilinn er í lögum um váttryggingar eða að kröfu er lýst of seint í þrotabú o.s.frv. Þá hafa af og til komið upp mál þar sem hagsmunagæslu hefur verið ábótavant og eru þau mál af ýmsum toga.

Eru mörg mál að rata inn á borð tryggingafélaganna þar sem gerðar eru kröfur í starfsábyrgðartryggingar lögmanna?

Björk: Heilt yfir eru þessi mál tiltölulega fá frá ári til árs. Það er því ekki beint hægt að tala um mikinn málafjölda þegar þessar tryggingar eru annars vegar. Ekki varðandi lögmenn.

Eru dæmi þess að lögmenn hafi frumkvæði að því að benda skjólstæðingum sínum á starfsábyrgðartryggingu sína telji þeir sig mögulega bótaskylda samkvæmt tryggingunni?

Hildur: Það er væntanlega allur gangur á því. Almennt tel ég þó að lögmenn vilji síður að ágreiningur um störf þeirra fari fyrir dómstóla og reyni því að sætta málin, með eða án aðkomu tryggingafélaganna.

Björk: Það er mín reynsla að lögmenn eigi oftast en ekki frumkvæði að því að beina sínum skjólstæðingum til tryggingafélaga þegar slíkt á við. Einnig hafa lögmenn samband sjálfir og tilkynna um hugsanleg tilvik sem kunna að þarfnast skoðunar.

Vitið þið til þess að mál af þessum toga hafi ratað fyrir dómstóla?

Hildur: Það er þó nokkur dómaframkvæmd á þessu sviði en mörg mál eru gerð upp hjá váttryggingafélögunum. Á síðustu 20 árum hafa gengið um 15 dómur í Hæstarétti sem varða skaðabótaábyrgð lögmanna. Í fæstum tilvikum hefur þó verið fallist á bótaábyrgð lögmansins. Þá hefur ekki tekist að sýna fram á saknæma háttsemi lögmansins eða að orsakatengsl séu milli háttsemi lögmansins og tjóns umbjóðanda hans. Fallist hefur verið á bótaskyldu í fáum málum, m.a. þegar krafa hefur fyrnst í höndum lögmansins og þegar erfðaskrá var metin ógild vegna þess að ekki var gætt að fullnægjandi vottun hennar.



Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður



Björk Viðarsdóttir lögmaður

Björk: Það hafa í raun tiltölulega fá mál ratað fyrir dómstóla á sl. árum þar sem reynir beinlínis á gildissvið eða umfang starfsábyrgðartryggingarinnar. Því eru afar fá fordæmi fyrir hendi þegar þessi mál eru annars vegar, þ.e.a.s. varðandi trygginguna sjálfa.

VIÐBÓTARGREINARGERÐIR - Á ÍSLANDI OG Í DANMÖRKU

GUÐRÚN OLSEN LÖGMAÐUR OG BERGPÓR BERGSSON LÖGFRÆÐINGUR SKRIFA

Hæstiréttur hefur staðfest í dómaframkvæmd sinni að framlagning viðbótargreinargerða í einkamálum sé brot á meginreglunni um munnlega málsmeðferð. Í framlagningu slíkra skjala felist í reynd skriflegur málflutningur. Þetta er öðruvísi í réttarfari Danmerkur og annarra Norðurlanda, þar sem framlagning slíkra greinargerða er stór hluti af rekstri einkamáls.

Finnst greinarhöfundum þetta áhugaverður munur í réttarkerfum nágrannalandsanna, og þar sem ekki hefur mikið verið skrifað um viðbótargreinargerðir í íslenskum rétti, munu í grein þessari reyna að svara eftirfarandi þremur spurningum: Hvers vegna fór Ísland þá leið að takmarka fjölda viðbótargreinargerða, hvernig er þessu háttað í öðrum Norðurlöndum, og hvaða áhrif hefur framlagning slíkra greinargerða á málsmeðferð?¹

Stutt ágríp af sögu réttarfars á Íslandi

Líkt og flestir lesendur blaðsins vita er framlagning viðbótargreinargerða óheimil. Hæstiréttur gerir t.a.m. almennt athugasemdir við það þegar aðilar leggja fram viðbótargreinargerðir í málum. Er þar t.d. hægt að nefna Hrd. nr. 92/1994, þar sem Hæstiréttur skrifaði í dómsorðum að það væri aðfinnsluvert að héraðsdómari í málinu veitti viðtöku viðbótargreinargerðar, enda væri ekki

Í DANMÖRKU ÞURFA AÐILAR MÁLS EKKI AÐ
KREFJAST MÁLSKOSTNAÐAR ÚR HENDI
GAGNAÐILA. DÓMSTÓLUM BER AÐ
MEGINREGLU SKYLDA AÐ SKERA ÚR UM HVER
EIGI AÐ STANDA UNDIR MÁLSKOSTNAÐI, SBR.
1. MGR. 122. GR. DÖNSKU
RÉTTARFARSLAGANNA.

heimild fyrir slíku í gildandi lögum um meðferð einkamála, sem og að um væri að ræða brot á meginreglunni um munnlega málsmeðferð. Hæstiréttur hefur jafnframt gert slíkar athugasemdir í mörgum áfrýjunarmálum, þar sem aðilar hafa lagt fram viðbótargreinargerðir, sbr. t.d. Hrd. nr. 207/2012 og Hrd. 511/2016.

Það var þó ekki alltaf svo að óheimilt væri að skila inn viðbótargreinargerðum í dómsmálum á Íslandi. Réttarfar á Íslandi var fært í nýjan búning með lögum nr. 85/1936 um réttarfar í héraði, en fyrr hafði tilskipun frá 15. ágúst 1832 gilt um réttarfar, og sótti sú tilskipun stoð sína í Norsku lög Kristjáns V frá árinu 1687. Fyrir gildistöku laga nr. 85/1936 hafði réttarfar á Íslandi verið næstum eingöngu skriflegt.²

Samkvæmt tilskipuninni máttu aðilar skrifast á um deiluefni málsins í formi svokallaðra framhaldssókna og framhaldsvarna, áður en dómur var kveðinn upp í málinu. Umrætt fyrirkomulag, þar sem aðilar skrifast á gildir í hinum Norðurlöndunum, þó áður en málið er tekið til munnlegrar aðalmeðferð (*d. skriveksling*). Sú heimild

¹ Sjá: Baldvin Björn Haraldsson: „Stuðla íslenskar réttarfarsreglur að réttaröryggi? Eru réttarfarsreglur, s.s. reglan um munnlega málsmeðferð, til hagsbóta fyrir málsaðila? Dæmi úr frönsku einkamálaréttarfari.“ *Afmælisrit. Jón Steinar Gunnlaugsson – sjötugur*. Rítstj. Guðrún Gauksdóttir o.fl. Reykjavík 2017 bls. 75-87.

² *Lög um meðferð einkamála í héraði*. Reykjavík 1947 bls. 76-81.



að skrifast á var takmörkuð með nýjum réttarfarslögum árið 1936, þar sem einkamálaréttarfar á Íslandi tók talsverðum breytingum. Helsta réttarbót laganna var að flýta málsmeðferð einkamála, en samkvæmt athugasemdum við frumvarpið var mikið um að málflytjendum væru veittir frestir, að þeir endurtóku mótmæli og lögðu fram framhaldsvarnir og framhaldssóknir eftir hentisemi, án þess að slíkt væri málinu til framdráttar. Þó svo að það væri á valdi dómara að gæta þess að undirbúningur drægist ekki meira en nauðsynlegt var erfitt fyrir dómara að fylgja því eftir, og dómamar kynntu sér mál sjaldnast fyrr en eftir að gagnaoöflun var lokið.³

Eftir gildistöku laga nr. 85/1936 skyldi málflytningur að meginreglu vera munnlegur og var aðilum að jafnaði aðeins heimilt að skila inn einni greinagerð hvor. Málflytjendur og dómamar höfðu margir hverjir verið hræddir við munnlegan málflytning. Það var í athugasemdum við frumvarpið jafnframt áréttað að erfitt væri að fá eldri málflytjendur og dómara til þess að tileinka sér hinar nýju reglur, sökum þess hversu stórfelldar breytingar lögini höfðu í för með sér.⁴

Einar Arnórsson, einn höfundar lagafrumvarpsins, áréttaði í tímaritsgrein meira en 15 árum eftir gildistöku laganna að erfitt hefði verið að fá suma málflytjendur og dómendur til þess að fylgja lögnum. Þó svo að ekki allir hafi framfylgt lögnum um miðbik síðustu aldar, er ljóst að íslenskir dómstólar, með Hæstarétt í fararbroddi, tóku lögini föstum tókum.⁵

Í NOREGI GETUR ÓLÖGLÆRÐUR EINSTAKLINGUR
MÆTT TIL DÓMSTÓLS OG GEFIÐ SKÝRSLU UM
ÞAÐ MÁL SEM HANN ÆTLAR SÉR AÐ HÖFÐA,
DÓMSTÓLNUM BER Í KJÖLFARIÐ AÐ ÚTBÚA
STEFNU FYRIR VIÐKOMANDI. STEFNDI HEFUR
KOST Á AÐ NÝTA SÉR SÖMU ÞJÓNUSTU VIÐ
GERÐ GREINARGERÐAR.

Aðdragandinn að lögum um meðferð einkamála nr. 85/1936 var langur, en mikil þörf var á heildarlögum um meðferð einkamála í héraði. Þágildandi ákvæði laga um meðferð einkamála voru ýmist á íslensku eða dönsku, og gildi nokkurra ákvæða var vafasamt eða óljóst. Þurfti því að fara fram heildræn endurskoðun á lögum um réttarfar á Íslandi.

Endurskoðun á Íslandi átti sér stað í kjölfar samskonar endurskoðunar í Danmörku og í Noregi. Í báðum löndum var eldra skipulagi á meðferð einkamála breytt með þeim hætti að dómari skyldi fylgjast náið með rekstri málsins, og málflytningur var gerður munnlegur. Endurskoðunin leiddi af sér ný réttarfarslög í Noregi árið 1915 og í Danmörku árið 1916. Ísland gerði svo slíkt hið sama 20 árum síðar. Ætla má að höfundar frumvarpsins hafi horft til landanna þegar kom að ritun frumvarpsins.⁶

³ Einar Arnórsson: *Dómstólar og Réttarfar á Íslandi*. Reykjavík 1911 bls. 377 - 400 og *Lög um meðferð einkamála í héraði*. bls. 77-78.

⁴ Einar Arnórsson: *Dómstólar og Réttarfar á Íslandi*. bls. 396-400 og *Lög um meðferð einkamála í héraði*. bls. 119-121 og 123-125.

⁵ Einar Arnórsson: „Framkvæmd laga nr. 85/1936 um meðferð laga í héraði.“ *Tímarit Lögfræðinga*, 2. tbl. 1953 bls. 114-115.

⁶ *Lög um meðferð einkamála í héraði*. bls. 80-81.


Viðbótargreinargerðir samkvæmt dönsku réttarfarslögum 1916

Höfundar laga um meðferð einkamála nr. 85/1936 horfðu líkt og oft er gert til dönsku réttarfarslaganna frá 1916 (*d. Lov nr. 90/1916 om Rettens Pleje*). Líkt og segir í athugasemdunum er ýmislegt sem hentaði á Íslandi en annað ekki, enda er margt í erlendri löggjöf bundið við staðar- og þjóðháttu.⁷ Látið verður ósagt hvort höfundar frumvarpsins hafi hugsað til viðbótargreinargerða í því samhengi.

Á meðan lög nr. 85/1936 heimiluðu aðeins framlagningu stefnu og greinargerðar í munnlega fluttum málum þá tóku dönsku réttarfarslögin ekki fyrir að aðilar skrifuðust á líkt og áður fyrr, með því að leggja fram frekari greinargerðir. Sú heimild má leiða af 1. mgr. 344. gr. dönsku réttarfarslaganna (*d. § 344, stk. 1 i lov nr. 90/1916 om Rettens Pleje*):

„Sagsøgeren kan kræve Udsættelse for at gøre sig bekendt med Sagsøgtes Svarkrift og eventuelt til yderligere Skriftveksling. Retten fastsætter, efter at Parterne i Korthed mundtlig har udtalt sig om Sagen, en Frist, inden hvis Udløb Sagsøgeren skal meddele Sagsøgte sine yderligere Bemærkninger, og en Frist for Sagsøgte til Afgivelse af Gensvar til Sagsøgeren og berammer tillige et nyt Retsmøde, i hvilket bemeldte Skrifter fremlægges.“

Yfirlit yfir málsskjöl sem útbúin eru við undirbúning aðalmeðferðar í danska dómkerfinu



⁷ Lög um meðferð einkamála í héraði, bls. 80-81.

Viðbótargreinargerðir eru mikilvægur liður í rekstri einkamála í Danmörku og á hinum Norðurlöndunum. Þykir greinarhöfundum sú leið að leggja fram viðbótargreinargerðir eins og tíðkast í Danmörku ansi gagnleg, sér í lagi í flóknum og umfangsmiklum einkamálum. Með notkun viðbótargreinargerða er hægt að skora á aðila að leggja fram gögn og leiða tiltekin efnisatriði til lykta í undirbúningsferlinu, hvert fyrir sig, ólíkt því sem þekkist á Íslandi, þar sem taka þarf fyrir öll álitaefnin í sama málskjalinu. Velta má upp þeirri spurningu hvort mál séu betur upplýst þegar aðilar geta sett fram athugasemdir, andsvör og áskoranir. Hér fyrir neðan verður gerð frekari grein fyrir reglum um viðbótargreinargerðir í dönsku réttarfari, tilgangi þeirra og efni.

Staða viðbótargreinargerða og annarra málsskjala í dönskum rétti

Hægt er að skilgreina viðbótargreinargerðir sem málsskjöl sem aðilar máls útbúa eftir að stefna og greinargerð hafa verið lögð fram en áður en aðalmeðferð fer fram. Í dönskum réttarfarslögum er fjallað um þrjár mismunandi tegundir af viðbótargreinargerðum:

- 1) málsskjal varðandi ákveðna spurningu eða álitaefni (*d. processkrift om et nærmere angivet spørgsmål*), sbr. § 355, stk. 2, í lov om Rettens Pleje,
- 2) samantekt á kröfum málsins (*d. påstandsdokument*), sbr. § 357, stk. 1, í lov om Rettens Pleje,
- 3) sameiginleg samantekt á málinu (*d. sammenfattende processkrift*), sbr. § 357, stk. 2, í Lov om Rettens Pleje.

1) Málsskjal varðandi ákveðið álitaefni

Þegar aðilar máls hafa skilað inn stefnu og greinargerð boðar dómari til símafundar varðandi undirbúningsþinghald (*d. forberedende retsmøde*), þar sem aðilar skulu taka afstöðu til ýmissa efnis- og formsatriða. Dómari ákveður í kjölfarið hvort aðilar eigi að skila inn frekari greinargerðum er varða málið sjálft eða greinargerðum er varða ákveðna afmarkaða spurningu til skýringar á máli.

Eigi aðilar að skila inn greinargerðum sem varða málið sjálft er möguleiki fyrir stefnanda að gera athugasemdir við greinargerð stefnda (*d. replik*) og þar á eftir fyrir stefnda að gera athugasemdir við athugasemdir stefnanda (*d. duplik*). Dómari getur einnig krafist frekari greinargerða, telji hann það til hagsbóta og oft að beiðni málsaðila (*d. processkrift*). Það ber að nefna að aðilar skulu aðeins setja fram andsvör við þau atriði sem koma fram í viðbótargreinargerð gagnaðila.

Í DANMÖRKU FER BIRTING STEFNU AÐ
MEGINREGLU ÞANNIG FRAM AÐ STEFNANDI
HLEÐUR INN STEFNU Á VEFSÍÐU DÓMSTÓLSINS,
ÞAR Á EFTIR SENDIR DÓMSTÓLLINN STEFNUNA
MEÐ TÖLVUPÓSTI TIL STEFNDA.
TÖLVUPÓSTURINN ER TENGDUR VIÐ KENNITÖLU
HVERS AÐILA OG FÆR DÓMSTÓLLINN
UPPLÝSINGAR ÞEGAR PÓSTUR HEFUR VERIÐ
OPNAÐUR.

Eigi aðilar að skila inn greinargerðum er varða ákveðna afmarkaða spurningu, fjallar sú spurning oftast um tiltekin formsatriði dómsmáls.

Verði aðili máls ekki við beiðni dómara um að útbúa viðbótargreinargerð hefur sú vanræksla þau áhrif að dómari getur kveðið upp frávísunardóm, þó að því gefnu að dómari hafi tekið það fram í beiðninni. Undir öllum kringumstæðum mun slík vanræksla hafa áhrif á sönnunarbyrði þess aðila, samanber umfjöllun að neðan um útilokunarregluna (*d. þræklusion*).

Markmið þessara greinargerða er að afmarka raunverulegan ágreining máls og tryggja að mál sé nægjanlega vel upplýst. Aðilar geta í þeim tilgangi skorað á gagnaðila að leggja fram gögn eða veita ákveðnar upplýsingar (*d. offordring*).

Áskoranir í dönskum rétti

Áskoranir sem settar eru fram í málsskjölum eru eins mismunandi og mál eru mörg, en fela ávallt í sér áskorun um að leggja fram gögn eða svara ályktunum varðandi umdeild atriði. Komi aðili ekki til móts við áskorunina getur það haft áhrif á sönnunarbyrði þess aðila (*d. processuel skadevirkning*) vegna áhrifa útilokunarreglunnar (*d. þræklusion*). Sem dæmi má nefna að í markaðsmisnotkunarmáli þar sem fjárfestir krefst skaðabóta úr höndum fyrirtækis, getur stefnandi skorað á stefnda að leggja fram tölvupóst eða fyrirtækjagögn sem stefnandi telur að innihaldi tilteknar upplýsingar sem geta upplýst málið. Verði gagnaðili ekki við þessari beiðni ber dómara að meginreglu að leggja ályktanir stefnanda til grundvallar við sönnunarmat. Þetta byggist þó á því að áskorunin sé talin viðeigandi til skýringar máls. Það eru engar takmarkanir á hvað áskorunin felur í sér né hversu margar eru settar fram í málsskjali.

Framangreind áskorun er ekki sambærileg því sem gerist á Íslandi þegar dómari beinir því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði sem hann telur nauðsynleg til skýringar á máli, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga um meðferð einkamála eða áskoranir aðila til gagnaðila eða vörslumanns um framlagningu gagna sbr. 2. og 3. mgr. 67. gr. laga um meðferð einkamála. Slíkar áskoranir finnast þó jafnframt í dönskum rétti, og er þeim háttáð með afar sambærilegum hætti og á Íslandi (*d. edition*).

2) Samantekt á kröfum málsins

Þegar gagnaöflun er lokið beinir dómari því oftast til aðila að þeir afhendi stutt yfirlit yfir kröfur, málsástæður og sönnunargögn, í seinasta lagi tveimur vikum fyrir aðalmeðferð. Það málsskjal er að nokkru leyti sambærilegt því málsskjali sem Landsréttur getur beiðað aðila að afhenda, sbr. 4. mgr. 161. gr. laga um meðferð einkamála. Í danska málsskjalinu ber þó ekki að vísa til réttarreglna, fræðirita og dóma sem aðilar hyggjast styðjast við í málflutningi sínum. Er tilgangur þessa málsskjals að dómari fái betri yfirsýn yfir málið.

3) Sameiginleg samantekt á málinu

Dómari getur beint til aðila að þeir afhendi sameiginlegt yfirlit sem inniheldur sömu upplýsingar og málsskjal um samantekt á kröfum málsins að viðbættri atvika lýsingu, stuttri lýsingu á þeim atriðum sem eru umdeild og tilvísun til viðeigandi sönnunargagna. Í skjalinu skal eining gera nánar grein fyrir málsástæðum aðila, sem og tilvísunum til réttarreglna, fræðirita og dóma sem aðilar hyggjast styðjast við í málflutningi. Er þetta málsskjal sérstaklega notað í málum sem eru yfirgripsmikil og lagalega flókin.

Er staðan á Íslandi önnur en í upphafi 19. aldar?

Ein af ástæðunum fyrir endurskoðun réttarfarslögjafarinnar árið 1936 var að stytta málsmeðferðartíma, og má ætla að það hafi m.a. legið að baki þegar ákveðið var að aðilar fengju eingöngu að skila einni greinargerð. Það má jafnframt ætla að sú regla hafi einfaldað málsmeðferðina, en málsmeðferð einkamála hafði fyrir vafist fyrir aðilum.

Það má hins vegar velja því upp hvort þau rök sem hnigu að setningu einkamálalaganna árið 1936 séu enn fullnægjandi skýring á því hvers vegna viðbótargreinargerðir séu ekki heimilar á Íslandi. Málarekstur er óneitanlega skilvirkari en hann var áður fyrr, sem og að mál eru orðin stærri og flóknari. Því má spyrja sig, hvort ekki væri auðveldara fyrir aðila og jafnframt dómara, að veita aðilum heimild til þess að leggja fram viðbótargreinargerðir, svo hægt

sé að taka fyrir eitt eða fleiri atriði í einu. Jafnframt má álykta að framlagning samantektar á kröfum máls sem og málsástæðum myndi veita dómara enn betri yfirsýn yfir málið, og þá sérstaklega í yfirgripsmiklum og lagalega flóknum málum.

Helstu rök gegn viðbótargreinargerðum er meginreglan um hraða málsmeðferð einkamála. Aðilar fá að meginreglu tvær til fjórar vikur til að útbúa og leggja fram greinargerðir, þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir óhóflega langan málsmeðferðartíma, en getur óneitanlega lengt meðferð máls um nokkra mánuði.

⁸ Danmarks Domstole - Statistik fra Civil Sager 2018. Sjá: <https://www.domstol.dk/om/organisation/domstolsstyrelsen/organisationsdiagram/Documents/Civile%20sager%20-%20byretter%20-%20afg%C3%B8relsestid%20-%20alm%20sager%20med%20hfh.pdf>

⁹ Domstolar - Útgáfa og fræðsla - Tölfræði. Sjá: <https://www.heradsdomstolar.is/tolfraedi/>

Meðalhraði einkamáls í Danmörku árið 2018 var 16,4 mánuðir⁸, en meðalhraði einkamáls á Íslandi árið 2018 var rétt undir 12 mánuðum eða 351 dagur.⁹ Því má jafnframt velta því upp hversu mikið lengri málsmeðferðartíminn væri ef framlagning viðbótargreinargerða væri heimil? Því skal þó haldið til haga að meðalhraði einkamáls ræðst af mörgum breytum, og framlagning málskjala er aðeins einn liður í slíkum samanburði.

Engu að síður er vert að hafa í huga ástæðurnar sem lágu að baki því að fjarlægja heimild til framlagningu viðbótargreinargerða, og hvort ástæðurnar séu enn fyrir hendi.

RÉTTUR LÖGMANNA Í KJÖLFAR BREXIT


Dómsmálaráðuneytið hefur tilkynnt Lögmannafélaginu að meðan á aðlögunartímabili útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu stendur, þ.e. til loka árs 2020, verði

engin breyting á heimild íslenskra lögmannna til að starfa í Bretlandi eða breskra lögmannna til að starfa hér á landi.

BROTTHVARF VARA-STJÓRNARMANNA


Sú óvenjulega staða hefur komið upp innan stjórnar Lögmannafélagsins að tveir af þremur varastjórnarmönnum hafa horfið á braut í kjölfar innlagnar á málflutningsréttindum vegna breytinga í starfi. Brotthvarf

þessara varamanna hafa enn sem komið er ekki haft áhrif á störf stjórnar félagsins þar sem þriðji varamaður hefur getað mætt á stjórnarfundum í forföllum aðalmanna.



FORVINNSLA PRENTUN FRÁGANGUR

Litla & prent



ÁHRIF LAGA NR. 81/2019 UM ÚRSKURÐARAÐILA Á SVIÐI NEYTENDAMÁLA

Þann 1. janúar sl. tóku gildi lög nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, en samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. taka löggin til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. umræddra laga skulu seljendur veita neytendum upplýsingar um úrskurðaraðila sem neytendur geta leitað til vegna ágreinings seljanda og neytanda. Skulu upplýsingarnar innihalda heimilisfang og vefsetur úrskurðaraðilans og vera láttnar í té á skýran, skiljanlegan og aðgengilegan hátt á vefsetri seljanda og í almennum samningsskilmálum seljanda ef við á. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að seljandi skuli án tafar veita neytanda upplýsingar samkvæmt 1. mgr., skriflega eða á öðrum varanlegum miðli, hafni hann sem seljandi þjónustukröfum neytanda í heild eða hluta vegna samnings um kaup á vöru eða þjónustu.

Þar sem löggin taka til sölu á lögmannsþjónustu er athygli félagsmanna Lögmannafélagsins vakin á þeim nýju skyldum sem á þeim hvíla, sem væntanlega þýða að lögmenntur þurfa framvegis að veita aðilum sem kaupa lögmannsþjónustu af þeim upplýsingar, á heimasíðu sinni sem og í almennum samningsskilmálum sínum, um úrskurðarnefnd lögmannna, ásamt upplýsingum um aðsetur og vefsetur nefndarinnar. Jafnframt þurfa lögmenntur að veita kaupendum lögmannsþjónustu sambærilegar upplýsingar komi sú staða upp að kröfum þjónustukaupa er hafnað í heild eða hluta.

Í ljósi framangreinds er rétt að upplýsa að úrskurðarnefnd lögmannna er hýst af Lögmannafélagi Íslands, Álfmáryri 9, 108 Reykjavík og allar nánari upplýsingar um nefndina má finna á heimasíðu Lögmannafélagsins á slóðinni www.lmfi.is.



Ertu með allt á
hreinu 2020?

Háaleitisbraut 58–60 • 108 Reykjavík • Sími: 553 1380





Málstofur kl. 10.00 -12.15

I. Réttarfar

- a) Aðild umhverfisverndarsamtaka að dómsmálum
- b) Endurupptaka dóma með hliðsjón af MSE

II. Peningaþvætti og alþjóðleg regluvarsla

- a) Peningaþvættisreglur og lögmenn
- b) Alþjóðleg regluvarsla

III. Stjórnsýsluréttur

- a) Hið opinbera sem aðili að dómsmáli
- b) Persónuvernd og upplýsingalöggjöf

Málstofur og rökstólar kl. 13.15 -16.00

IV. Flutningur mála fyrir dómi

- a) Hvernig er best að flytja mál fyrir dómi?
- b) Málarekstur fyrir yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu

V. Félagaréttur og verðbréfamarkaðsréttur

- a) Af vettvangi hlutafélagaréttar
- b) Verðbréfamarkaðsréttur

VI. Örmálstofur

- a) Réttur barna til að skorast undan að bera vitni í sakamálum
- b) Höfundaréttur í vinnusambandi:
- c) Stofnun hálandisþjóðgarðs
- d) Tengdir og sjálfkeyrandi bílar - lagalegar áskoranir

DAGSKRÁ LAGADAGSINS 2020

Kvölddagskrá

Veislustjóri: Stefán Andrew Svensson lögmaður og varaformaður Lögmannafélags Íslands.

kl. 18.30 Fordrykkur og forréttir
kl. 19.30 Hátíðarkvöldverður

Skemmtiatriði: Án efa skemmtilegustu lögmennt landsins: **Árni og Obba**



Auður: Einn vinsælasti tónlistarmaður landsins

Hamingjusama hljómsveitin
Bjartar sveiflur leikur fyrir dansi

Skráning og allar nánari upplýsingar á
www.lagadagur.is



LÖGMENNSKA Á LANDS- BYGGÐINNI

ARI KARLSSON LÖGMAÐUR SKRIFAR



LÖGMANNABLAÐIÐ FJALLAR UM
LÖGMANNSSTOFUR Á LANDSBYGGÐINNI OG
REKSTRARUMHVERFI ÞEIRRA MEÐ ÞVÍ AÐ
RÆÐA VIÐ LÖGMENN VÍTT OG BREITT UM
LANDIÐ.

Í þessu viðtali er rætt við lögmanninn Torfa Ragnar Sigurðsson einn meðeigenda að Lögmönnum Suðurlandi, á Selfossi. Torfi hefur starfað á stofunni meðfram laganámi frá árinu 2000 og síðan í fullu starfi frá útskrift úr laga-deild Háskóla Íslands árið 2005. Hann hlaut réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómi árið 2006 og fyrir Hæstarétti árið 2012, auk þess sem hann lauk á árinu 2018 MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

Hvernig er rekstrarumhverfið á Suðurlandi?

Rekstrarumhverfið hér á Suðurlandi er almennt gott. Hér á svæðinu hefur verið jöfn og þétt fjölföldun og uppbygging sem kallar á aukna þörf fyrir þjónustu lögmanna. Á svæðinu er hins vegar mikil samkeppni. Hér er nokkur fjöldi lögmansstofa sem eru að bítast um verkefnin þannig að það er mikilvægt að vera samkeppnishæfur. Þá má heldur ekki gleyma því að nálægðin við höfuðborgarsvæðið er nokkur hluti af samkeppninni og stutt að sækja þjónustu þangað, við finnum fyrir því - en það virkar líka í hina áttina þar sem við erum líka að sækja viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðið og þjónum því.

Hverjir eru helstu kostir við að reka stofu á landsbyggðinni?

Helsti kosturinn að mínu mati er að verkefnin sem við fáum hér inn á borð eru mjög fjölbreytt og við erum að veita allhiða lögfræðilega þjónustu fyrir viðskiptavinum okkar. Kannski má segja að sérhæfingin sé því nokkuð minni en þó erum við að sinna verkefnum á sviði eignaréttar sem færri stofur í bænum hafa sérhæft sig í. Við höfum kannski meira verið að sinna verkefnum fyrir fyrirtæki og lögaðila en þó er fjöldi viðskiptavina okkar einstaklingar. Þá skiptir máli að vera á Selfossi þar sem hér situr Héraðsdómur Suðurlands og hér er aðalskrifstofa Sýslumannsins á Suðurlandi. Af því leiðir jafnframt að við höfum lengi verið með mætingarþjónustu fyrir lögmenn og viðskiptavinum annars staðar – en það gera líka flestar aðrar lögmansstofur hér á svæðinu.

Hverjar eru þá helstu áskoranir í þessu umhverfi?

Ég myndi telja að það séu fáar eiginlegar áskoranir enda felast iðulega í áskorunum tækifæri. Það skiptir máli að vera með sýslumann og héraðsdóm á staðnum en hins vegar er það nokkuð meiri áskorun að vera með mál fyrir Hæstarétti og Landsrétti þegar kemur að því að skila gögnum. Við nýtum okkur sannarlega þjónustu sendla eða póstsins eða förum sjálfir með gögn og reynum þá að nýta ferðina. En óneitanlega styttr þetta þá fresti sem umbjóðendum okkar eru veittir í slíkum málum til þess að skila gögnum þannig að kannski mætti segja að það ríkti ekki fullt jafnræði milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hvað það varðar. Þetta skiptir hins vegar stofur sem eru lengra frá Reykjavík mun meira máli en okkur. Ég held að það sé mjög mikilvægt að taka sem fyrst upp rafræna málsmeðferð fyrir dómstólum og sýslumönnum, þannig að skila megi gögnum rafrænt

sem myndi eyða þessu misvægi hvað varðar búsetu. Þá finnst okkur breytingin að afleggja heitin héraðsdóms – og hæstaréttarlögmaður, og taka upp lögmaður í staðinn, hafi verið misráðin þar sem einstaklingar átta sig síður á því hvort að lögmaður hafi réttindi til þess að reka mál fyrir þá á öllum dómstigum eða bara einu. Þetta er ný áskorun sem við höfum þurft að takast á við í rekstrinum.

En kostnaður við reksturinn?

Ferðakostnaður og kostnaður við að koma gögnum til áfrýjunardómstólanna er almennt meiri heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Á móti kemur að húsnæðiskostnaður getur að sjálfsögðu verið lægri en það fer að sjálfsögðu eftir staðsetningu, tegund og stærð húsnæðis. Það hefur skipt okkur máli að LMFÍ hefur boðið upp á námskeið í gegnum fjarfundarbúnað sem stofan hefur verið dugleg að nýta sér. Þetta veitir okkur aukna möguleika í að nýta sér námskeið félagsins án þess að þurfa að eyða tíma og kostnaði í ferðalög. Þá höfum við viðskiptavinum sem hafa verið duglegir að nýta sér fjarfundarbúnað til þess að funda sem sparar tíma og kostnað og ég held að slíkt muni sífellt færast í aukana.



Torfi Ragnar Sigurðsson lögmaður.



Andri Árnason, lögmaður
Andri Árnason, lögmaður, LL.M.
Bjarni Aðalgeirsson, lögmaður
Dr. Finnur Magnússon, lögmaður, LL.M.
Edda Andradóttir, lögmaður, LL.M.
Halldór Jónsson, lögmaður
Lárus L. Blöndal, lögmaður
Sigurbjörn Magnússon, lögmaður
Simon David Knight, lögmaður
Stefán A. Svansson, lögmaður, LL.M.
Vífill Harðarson, lögmaður, LL.M.

Hildur Þórarinsdóttir, lögmaður
Hólmfríður Björk Sigurðardóttir, lögmaður
Jenný Harðardóttir, lögmaður
Katherine Nichols, sérfræðingur
Sigrún Magnúsdóttir, lögfræðingur
Sigurður Helgason, lögmaður

juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími 580 4400
www.juris.is

Juris er leiðandi lögmannsstofa sem leggur áherslu á þjónustu á sviði viðskipta og fjármála. Stofan nýtur viðurkenningar fyrir þekkingu og reynslu lögmanna sinna sem kappkosta að veita snögga og hagnýta þjónustu með hliðsjón af viðskiptalegum hagsmunum viðskiptavinarins. Á skrifstofu Juris starfa íslenskir og enskir lögmenn, með lögmannsréttindi í báðum löndum, og þannig getur stofan veitt skilvirka og hagnýta þjónustu til aðila sem hafa starfsemi í báðum ríkjum.



CHAMBERS
AND PARTNERS



JÓLASNAPSMÓTIÐ Í FÓTBOLTA

Föstudaginn 20. des. 2019 fór fram hið árlega Jólasnapsmót lögmanna í fótbolta, að venju í Fram húsinu við Safamýri. Mótið hefur frá upphafi, eða frá árinu 1995, verið haldið í þessu húsi Frammara, enda nálægðin við heimavöll LMFÍ að Álftamýri 9 ákveðin tenging. Félagið hefur einnig staðið fyrir mótum utanhúss og voru þau haldin reglulega áður fyrr en hafa langst af undanfarin ár.

Fyrir 15 árum var undirritaður beðinn um að taka saman pistil um sögu knattspyrnumótanna en árið 2005 voru rúm 10 ár frá því fyrsta knattspyrnumót lögmanna á vegum LMFÍ var haldið. Þegar sú samantekt var rifjuð upp var eins og ár og öld væru frá því fyrsta mótið var haldið árið 1995. Fyrsta mótið var líka haldið á síðustu öld og 24 ár eru liðin.

Ár og öld

Fróðlegt er að lesa samantektina frá 2005 en þar eru t.d. taldir upp sigurvegarar frá upphafi. Undirritaður hafði ekki tækifæri á að taka saman sigurvegara síðustu 14 ára, en ef ritnefnd lögmannaþingsins veitir styrk til þess verkefnis væri fróðlegt að leggjast í þá rannsóknarvinnu. Þannig væri hægt að halda sögu knattspyrnumótanna á lofti og taka saman alla sigurvegara frá 2005. Til gaman má geta þess að Lögmannaþingið kom fyrst úr árið 1995, og er blaðið því tvíburum knattspyrnumótsins svo að segja. Því hefur verið haldið fram að Lögmannaþingið hafi sérstaklega verið sett á laggirnar til að halda utan um greinar tengdar fótboltamótum LMFÍ. Er það sérstakt rannsóknarverkefni.

Næsta jólasnapsmót Lögmannafélagsins, sem haldið verður þann 18. desember 2020 í Framheimilinu að sjálfsögðu, verður því mót nr. 25 í röðinni. Stórafmæli á þessu ári og ljóst að afmæli Lögmannaþingsins gæti fallið í skugga 25 ára afmælistótsins í fótbolta.

Anno 2019

Hvað mótið í desember á síðasta ári varðar þá mættu 5 lið til leiks. Oft hefur þátttaka verið betri en hvert lið var skipað góðum hópi af báðum kynjum, utan þess að lið Þrumunnar-Grínarafélagsins var skipað sínum einvala hóp með 7 leikmönnum að vana og allir af kyni karla.



Besti leikmaðurinn og Alexandra frá Mundiavocat.

Leikið var í einum riðli og enduðu leikar þannig að lið Friday sigraði alla sína andstæðinga og varð Jólasnapsmeistari LMFÍ árið 2019.

Lokastaðan varð þessi:

Friday	4	0	0	14:2	12
Snaps	3	0	1	11-2	9
Logos	2	0	2	6-9	6
Þrum-Grín	1	0	3	6-9	3
Krimmar	0	0	4	3-19	0



Föstudaginn 20. maí 2005 fór fram í ellefta skipti meistararamót lögmanna í knattspyrnu innanhúss. Mótið var haldið venju samkvæmt í húsnæðing Frammara við Safamýri. 7 lið mættu til leiks og léku allir við alla. Mótið bauð upp á góð og skemmtileg tilþreif. Lið Reynslu og Léttleika sigraði örugglega og voru þeir vel að sigrinum komnir. Lokastaða mótsins varð þessi:



Jóhannes B. Björnsson tekur við bikarinn úr hendi Smára Hilmarssonar.

Það er ótrúlegt að hugsa til baka þegar ég startaði þessum mótum árið 1995 hvað tíminn líður, og að margir, eins og kjarninn úr Þrumunni hafi tekið þátt öll árin, kannski ekki fyrstu 1-2.



Sigurvegarar 2019.

Mótið fór í alla staði vel fram og hart var tekist á en enginn rekinn af velli. Að lokinni verðlaunaafhendingu var létt á nokkrum jólabjórurum og ein snapsaflaska sást á sveimi sem væntanlega hefur endað tóm í endurvinnslunni daginn eftir.

Alexandra Ruzza, fulltrúi Mundiaavocat, sem er óopinber heimsmeistarakeppni lögmanna í knattspyrnu mætti sem fulltrúi keppinnar og veitti verðlaun fyrir leikmann mótsins. Þann heiður hlaut Vilmar Freyr Sævarsson, sem hún valdi sjálf. Vildu einhverjir leikmenn Þrumunnar meina að Alexandra hefði ekki metið leikni í knattækni nægjanlega vel og að fegurð af öðru tagi hefði verið metin ofar öðrum gildum. Er ekki vitað hvort Alexandra studdist við reglur nefndar um mat á hæfi dómara í mati sínu, en það var samdóma álit að Vilmar hefði verið vel að tilnefningunni kominn. Þá afhenti Alexandra liði Friday sigurlaunin.

Lögmenn í fótbolta í Marokkó?

Mikill áhugi er hjá Mundiaavocat að fá íslensk lið til keppni, en mótið verður haldið í borginni Marrakesh í Marokkó í júní næstkomandi. Vonandi sjá einhver íslensk lið sér fært að mæta, en leikið er í hinum ýmsu aldursflokkum. Væri upplagt að sigurvegarar hvers árs í Jólasnapsmóttinu öðluðust keppnisrétt á móttinu og fengju ferðastyrk frá LMFÍ, en allir mega senda lið.

Svona í lokin er gaman að geta þess að í greininni frá 2005 er minnst á það sérstaklega að ákveðinn hópur lögmanna hafi tekið þátt í móttinu öll 10 árin, þ.e. frá 1995 til ársins



Lið Þrumunnar sem hefur verið með frá upphafi.

2005. Fjórtán mót hafa verið haldin eftir að greinin var skrifuð og enn eru leikmenn með sem spiluðu á fyrsta móttinu 1995 eða í 24 ár samfleytt.

Leikmenn Þrumunnar hafa verið með næstum frá upphafi og ef Lögmannafélagið stofnar Heiðurshöll geri ég það að tillögu minni að þeir félagar sem mynda kjarna Þrumunnar verði fyrstir teknir inn í Heiðurshöll LMFÍ.

F.h. Jólasnapsanefndarinnar
Smári Hilmarsson

VINNUHÓPUR UM ÁKVÖRÐUN ÞÓKNUNAR Í VERJENDA- OG RÉTTARGÆSLUMÁLUM

Stjórn Lögmannafélagsins setti í upphafi starfsársins á laggirnar vinnuhóp um endurskoðun reglna og verklags við ákvörðun þóknunar fyrir verjenda og réttargæslustörf lögmanna, en félagið hefur ítrekað og um langt árabíl komið á framfæri kröfum um úrbætur gagnvart viðeigandi ákvörðunaraðilum. Þrátt fyrir að ýmislegt jákvætt hafi áunnist í þeirri baráttu hefur því miður reynt erfitt að knýja fram breytingar á mörgum

veigamiklum þáttum. Hlutverk vinnuhópsins er m.a. að greina núverandi regluverk og framkvæmd og móta heildstæðar tillögur að endurskoðun reglna og verklags við ákvörðun þóknunar. Vinnuhópin skipa lögmennirnir Arnar Kormákur Friðriksson, Björgvin Jónsson, Inga Lillý Brynjólfssdóttir, Oddgeir Einarsson og Þuríður Sigurjónsdóttir.



KPMG
Lögmenn



KVKA

VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



UMSÓKNARFRESTUR
UM GRUNNNÁM
ER TIL 5. JÚNÍ



Kynntu þér spennandi nám við Lagadeild Háskóla Íslands

Lagadeild Háskóla Íslands hefur verið starfrækt frá stofnun skólans árið 1911. Í Lagadeild er spennandi og skemmtilegt umhverfi fyrir nemendur og kennara. Kennslan er fjölbreytt og nútímaleg og tekur mið af því besta sem gerist.

Nánari upplýsingar á www.hi.is/lagadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILD

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Arnar Kormákur Friðriksson

Íslenska lögfræðistofan slf., Kringlunni 4-12, 7. hæð, 103 Reykjavík
Sími: 412-2800

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Bjarki Már Baxter

Málþing ehf., Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, Sími: 561-8200

Gestur Gunnarsson

Draupnir lögmannsþjónusta, Laugavegi 182, 101 Reykjavík,
Sími: 415-0150

Gísli Kr. Björnsson

Eignarhaldsfélagið Breiðan ehf., Grensásvegi 50, 3. hæð, 108 Reykjavík,
Sími: 659-0936

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0300

Steinbergur Finnbogason

Lögmenn við Arnarhól, Borgartúni 24, 105 Reykjavík, Sími: 527-1500

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir

Réttur – Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík,
Sími: 511-1206

Bergrún Elín Benediktsdóttir

Fulltingi slf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, Sími: 533-2050

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Elvar Jónsson

Kristófer Jónasson

LOGOS lögmannsþjónusta slf., Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0300

Ingunn Ósk Magnúsdóttir

Innheimtustofnun sveitarfélaga, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður,
Sími: 580-7100

Hulda Björg Jónsdóttir

JSG lögmenn, Síðumúla 27, 108 Reykjavík, Sími: 530-1234

Stefán Örn Stefánsson

Réttur – Aðalsteinsson & Partners, Klapparstíg 25-27, 201 Kópavogur,
Sími: 547-2011

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI,

Anna Þórdís Rafnsdóttir

Kvika banki hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 540-3200

Þórarinn Þorgeirsson

Orangi lögmenn, Grófin 1, 101 Reykjavík, Sími: 551-0306

Þórður Þórðarson

Fiskeldi Austfjarða, Borgartúni 24, 105 Reykjavík, Sími: 775-0502

Runólfur Vigfússon

Félag íslenskra náttúrufræðinga, Borgartúni 6, 105 Reykjavík,
Sími: 595-5178

Björg Ásta Þórðardóttir

Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, Sími: 591-0100

Hildur Gunnarsdóttir

Vörður, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 514-1000

Karl Óli Lúðvíksson

ISAVIA, Reykjavíkflugvelli, 102 Reykjavík, Sími: 424-5107

Andrea Olsen

Frigus ehf., Eyjaslóð 1, 101 Reykjavík

Skúli Thoroddsen

Vatnsholti 5c, 230 Reykjanesbæ, Sími: 840-3930

NÝR VINNUSTAÐUR

Máni Atlason

GAMMA, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 519-3300

Höskuldur Eiríksson

KPMG lögmenn, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 545-6000

Elín Hrefna Ólafsdóttir

Borgarlögmaður, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík,
Sími: 411-4100

Gísli Örn Kjartansson

Seðlabanki Íslands, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 569-9600

Sigurður Helgason

Jurís, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 580-4400

Sigþór H. Guðmundsson

Foss lögmenn – Fjármál, Langholtsvegi 111, 104 Reykjavík, Sími: 537-5111

Helga Bryndís Björnsdóttir

Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík, Sími: 522-1099

Þórður Guðmundsson

Lögmennsstofa Þórðar Guðmundssonar, Hamraborg 14a, 200 Kópavogur,
Sími: 517-2600

NÝTT AÐSETUR

Vilhjálmur Bergs

Kringlunni 7, 8. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 527-9700

Andri Gunnarsson

Bernhard Borgason

Bogi Nilsson

Einar Páll Tamimi

Gunnar Egill Egilsson

Hjörleifur Kvaran

Nordik lögfræðiþjónusta, Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, Sími: 522-5200

Sveinn Andri Sveinsson

Reykviskir lögmenn, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík, Sími: 558-5100

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

LMB | MANDAT
LÖGMANNSSTOFA | LEGAL SERVICES



Rauði þráðurinn

Audi e-tron 50 quattro er drifinn afgangur íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með allt að 328 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrými að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar.

Fjór hjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

Rauði þráðurinn er 50 ára samleikur HEKLU + AUDI sem færir þér e-tron 50 á fádæma afmælisverði.

– Skoðaðu úrvalið og tryggðu þér eintak á afmælisverðinu í sýningarsalnum á netinu: hekla.is/audisalur

e-tron 50



 + 
50 ára samleikur

+ Afmælispakki
Basic

7.390.000 kr.

+ Afmælispakki
Advanced

7.990.000 kr.

+ Afmælispakki
Advanced S-line

8.890.000 kr.

*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði.